

# Málproski og læsi

– Færni til framtíðar-

Leikskólinn Lækjarbrekka

Hólmavík



**HANDBÓK**

Þróunarverkefni unnið með leikskólum Húnaþings Vestra og Austur Húnavatnssýslu 2015-2017



# Efnisyfirlit

<b>Tilurð verkefnisins .....</b>	<b>5</b>
<b>Fræðileg umfjöllun .....</b>	<b>6</b>
Aðalnámsskrá leikskóla .....	6
Mikilvægi lesturs .....	7
Málörvun og lestur .....	9
Leikur og nám .....	10
<b>Móttökusamtal – við upphaf leikskólagöngu .....</b>	<b>12</b>
Móttökuáætlun fyrir börn með sérþarfir og tví- og fjöltyngd börn .....	12
<b>Reglubundnar skimanir/prófanir .....</b>	<b>15</b>
Íslenski smábarnalistinn .....	15
TRAS – skráning á málþroska ungra barna .....	16
Orðaskil – Málþroskapróf .....	16
Könnun Gerd Strand – Mat á stöðu 4 ára nemenda .....	16
Hljóm-2 – Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna .....	17
Sænska fínhyrfimatið - Finnmotorískt Utveklingsstatus .....	17
Skil á niðurstöðum til foreldra.....	17
Trappa .....	17
TOLD-2P málþroskamát .....	18
Íslenski þroskalistinn .....	19
<b>Umgjörð um leikskólafarið .....</b>	<b>19</b>
<b>Áhersluþættir Lækjarbrekku varðandi mál og læsi í víðara samhengi .....</b>	<b>20</b>
Stefna og hugmyndafræði leikskólans.....	20
Leikur og nám – hvernig lærum við í gegnum leik .....	20
Markviss Málörvun .....	21
Málþroski og læsi – færni til framtíðar.....	21
Lubbi finnur málbein .....	21
Snemmtæk íhlutun .....	22
Grænfáni .....	24
<b>Foreldrasamstarf og samskipti milli leikskóla og heimilis.....</b>	<b>24</b>
Foreldraráð .....	26
Foreldrafélag .....	26
Foreldrafundur.....	26
Foreldraviðtöl .....	27
Þagnarskylda leikskólafarismanna.....	27
Sólblómaleikskóli og Vanessuhátíð .....	27

Jólafondur/jólaverkstæði og kaffishúsaheimsókn .....	28
Afa- og ömmukaffi .....	28
Dagur leikskólans .....	28
Útskrift og opnun listasýningar .....	29
Grilldagur .....	29
Upplýsingaflæði .....	30
Bína – Bínu reglur – sjálfstjórn .....	30
Myndrænt skipulag og myndrænar leiðbeiningar.....	31
TMT – Tjáskiptakerfið Tákni með tali .....	31
<b>Daglegt starf á deildum .....</b>	<b>32</b>
• Tröllakot .....	32
• Dvergakot .....	32
<b>Starf sérkennslustjórans í leikskólanum .....</b>	<b>32</b>
Foreldrasamstarf: .....	33
Stuðningsaðilar .....	33
Einstaklingsnámskrá og einstaklingsþjálfun .....	33
Samskipti við foreldra .....	34
<b>Skil á milli skólastiga.....</b>	<b>35</b>
Skil á milli leikskóla.....	35
Skil frá leikskóla til grunnskóla.....	35
Óhefðbundnar kennsluáðferðir.....	35
<b>Kennsluáðferðir fyrir börn með frávik .....</b>	<b>36</b>
Tákni með tali.....	36
PECS – (picture exchange communication system).....	36
Sjónrænt skipulag .....	37
Heildstæð atferlisþjálfun .....	38
<b>Eftirtaldir aðilar komu að þessu þróunarverkefni fyrir hönd Lækjarbrekku:.....</b>	<b>40</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>42</b>
<b>Viðaukar.....</b>	<b>44</b>

# Tilurð verkefnisins

Samstarf á milli leikskólanna í Austur- og Vestur Húnavatnssýslu hefur verið ríkjandi til margra ára. Leikskólinn Lækjarbrekka á Hólmavík og leikskólinn á Húnavöllum bættust inn í samstarfið síðar. Samstarfið hefur alið af sér ýmis verkefni, stór og smá og það nýjasta er þróunarverkefnið Málþroski og læsi. Færni til framtíðar. Verkefnastjóri er Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur. Ábyrgðarmenn eru Guðrún Lára Magnúsdóttir, leikskólastjóri á Ásgarði á Hvammstanga og Borðeyri og Þórdís Hauksdóttir, fræðslustjóri í Austur Húnavatnssýslu.

Formleg vinna verkefnisins hófst haustið 2015 og var áætluð til tveggja ára. Skipaðir voru tengiliðir frá hverjum skóla til að hafa umsjón með verkefninu. Fyrsta námskeið var haldið á Hvammstanga haustið 2015 fyrir starfsfólk



*Starfsfólk þátttökuleikskóla læsisverkefnis*

leikskólanna þar sem Ásthildur var með fræðslu um snemmtæka íhlutun og mikilvægi markvissra verkferla til að gefa góða yfirsýn yfir stöðu hvers nemanda hvað varðar málþroska og undibúning fyrir lestur alla leikskólagönguna. Ásthildur hélt í framhaldi fleiri námskeið fyrir starfsfólk leikskólanna og tengiliði. Auk þess heimsótti hún hvern leikskóla tvisvar sinnum á meðan þróunarvinnan stóð yfir. Í fyrra skiptið til þess að meta stöðu verkefnis í hverjum leikskóla og fara yfir flokkun á málörvunarefni út frá málþáttum. Í seinna skiptið til þess að fylgjast með í málörvunarstundum og vera með sýnikennslu og ráðgjöf í kjölfarið.

Leikskólastjórar, tengiliðir og fræðslustjóri funduðu síðan reglulega til að taka stöðuna á verkefninu og deila hugmyndum sem tengdist þróunarverkefninu.

Haldin var fræðslufundur með foreldrum leikskólabarna í janúar 2017 þar sem Ásthildur verkefnastjóri kynnti þróunarverkefnið þannig að foreldrar gætu verið meðvitaðir um framkvæmd þess og verið virkir þátttakendur í vinnunni.



*Skólastjórar þátttökuleikskóla læsisverkefnis*

# Fræðileg umfjöllun

„Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla (nr.90/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og framhaldsskóla (nr. 92/2008). Aðalnámskrá er ramma um skólafarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum“.<sup>1</sup>

„sú menntastefna sem birt er í þessari aðalnámskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskrágerðina. Þessir grunnþættir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.“<sup>2</sup>

## Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskráin 2011 er byggð á lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Hún er ramma utan um skólafarfi þessara skólastiga og leiðsögn um tilgang og markmið starfsins. Í Aðalnámskrá birtist heildarsýn um menntun og þar er útfærð nánar sú menntastefna sem felst



Börn að leik í leikskólanum Lækjarbrekku

í lögnum. Segja má að Aðalnámskrá sé samningur sem þjóðin hefur gert við sjálfa sig um menntamál. Hún er ætluð stjórnendum, skólum, kennurum og öðru starfsfólki skólakerfisins en veitir einnig upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla til nemenda, foreldra, opinbera stofnana, félagasamtaka, aðila atvinnulífsins og almennings. Aðalnámskrá hefur margþætt hlutverk eins og til dæmis að birta menntastefnu stjórnvalda, námsframboð

og námskröfur. Hún er helsta stjórnþæki fræðslufirvalda og tryggir að samræmi og samhæfing sé í skólafarfi þar sem útfærð er sameiginleg menntastefna. Aðalnámskráin setur ákveðinn starfsramma fyrir stjórnendum, kennara og starfsfólk í einstaka skólum og aðstoðar þannig við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólafarfi sem skylt er að útfæra. Einnig veitir aðalnámskrá upplýsingar til nemenda og forráðamanna um það gæðakerfi og þau helstu viðmið sem starfsemi skóla byggir á.<sup>3</sup>

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar. Þar fer fram mikilvægur tími náms og þroska á eigin forsendum og með öðrum. Í leikskólum á Íslandi eru

<sup>1</sup> Aðalnámskrá 2011:9

<sup>2</sup> Aðalnámskrá 2011:14

<sup>3</sup> Aðalnámskrá 2011:9 - 10

námssvið unnin eftir grunnþáttum menntunar sem Aðalnámskrá setur fram og eru þessir þættir ætlaðir sem leiðarljós menntunar, uppeldis og umönnunar. Grunnþættir eru settir fram á grundvelli markmiða og laga um leikskóla. Þeir eru eftirfarandi: **Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.** Þessir þættir skulu fléttast inn í allt það leikskólastarf sem fram fer. Hugtökin uppeldi, umönnun og menntun mynda eina heild í leikskólastarfinu. Börnin fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi, þeim er sýnd virðing og umhyggja og á að líta á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans.

Í annarri grein laga um leikskóla segir að velferð og hagur barna skuli vera leiðarljós í



*Skapandi starf í leikskólanum Lækjarbrekku*

öllu starfinu. Börnunum þarf að búa hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og þau þurfa að finna til öryggis í náms- og leikskilyrðum auk þess að veita þeim þá umönnun og menntun sem þau eiga rétt á. Það á að stuðla að því að nám barnanna fari fram í gegnum leik og skapandi starf og þannig njóti þau fjölbreyttra uppeldiskosta.<sup>4</sup>

### Mikilvægi lesturs

Það er öllum mikilvægt að geta tjáð sig og að skilja aðra, hvort sem það er í rituðu eða mæltu máli. Leiða má líkur að því að grunnurinn að góðum samskiptum leynist í góðri málkunnáttu og möguleikanum á að geta orðið sér út um nýja þekkingu með tiltölulega einföldum hætti.

Að geta lesið til að afla sér þekkingar er því mjög mikilvægt til að öðlast færni í notkun móðurmálsins. Börn eru líklegri til að ná betri tókum á orðaforða og lestrarnámi ef að þau hafa góðan grunn til að byggja á. Ef foreldrar byrja snemma að tala við börnin sín, nota flókið orðfæri og lesa fyrir þau, auðveldar það þeim að öðlast þekkingu á móðurmálinu.<sup>5</sup> Börnin læra mest af því



*Verið að fræðast um risaeðlur*

<sup>4</sup> Aðalnámskrá 2011:30 - 32

<sup>5</sup> Bee 1997

sem þau upplifa í umhverfi sínu, ef þau heyra tungumálið, hlusta og veita því athygli sem fullorðnir gera og segja.<sup>6</sup>

Það skiptir máli að þeir aðilar sem koma að uppeldi barna átti sig á hversu mikilvægar lestrarstundir eru. Fram hefur komið að börn læra mjög mikið af því að lesa, hlusta og fylgjast með umhverfi sínu. Þau börn sem reglulega er lesið fyrir eru talin eiga auðveldara með að



lestrarstund

hegða sér á viðeigandi hátt þegar þau byrja í grunnskóla, en þar er mikil áhersla lögð á hlustun. Einnig hefur það komið fram að þau börn sem hefur verið lesið fyrir eða lesa mikið sjálf verða betri í málfræði og stafsetningu heldur en þau sem lesa lítið eða ekkert.<sup>7</sup>

Foreldrar ættu að byrja snemma að lesa fyrir börn sín og gott væri að koma þáttum eins og lestri, heimsóknum á bókasafn og fleiru slíku inni í skipulag

heimilisins. Áhugi barna á bókum og lestri vaknar gjarnan ef foreldrar eru þeim góðar fyrirmyndir og gera lestur sýnilegan á heimilinu t.d. með lestri dagblaða.<sup>8</sup> Samskipti milli foreldra og barna verða oft betri og nánari þegar þau eiga góðar lestrarstundir saman. Þá fær barnið alla athygli foreldrisins, nálægð og hlýju.<sup>9</sup>

Með lestri geta börn einnig lært mikið um tilfinningar. Lesandinn notar mismunandi aðferðir til að lýsa þeim tilfinningum sem koma fram í sögunni hverju sinni t.d. með svipbrigðum og notkun raddarinnar á misjafnan hátt. Einnig er hægt að útskýra tilfinningar með hjálp bóka t.a.m. ef sorglegir atburðir koma fyrir í bók er hægt að nota tækifærið og ræða nánar um sorg og hvað það er að vera sorgmæddur.<sup>10</sup>

Á meðan á lestrinum stendur ættu foreldrar að ýta undir það að börnin upplifi athöfnina á sinn hátt og einnig að bregðast við þörfum þeirra hverju sinni. Ef að barnið verður eirðarlaust við að hlusta þarf að taka pásu frá lestrinum þar til betri tími finnst til. Að lokum ættu foreldrar að forðast það að



Gunni Helga kom og las fyrir börnin á Lækjarbrekku

<sup>6</sup> Evershaug og Hallen 1993

<sup>7</sup> Erna Árnadóttir 1995

<sup>8</sup> Christophersen og Mortweet 2004:33

<sup>9</sup> Erna Árnadóttir 1995

<sup>10</sup> Christophersen og Mortweet 2004:33



sýna börnunum óþolinmæði eða að reiðast á meðan á samverunni stendur. Það að lesa saman bók ætti að vera skemmtileg og ánægjuleg upplifun fyrir báða aðila.<sup>11</sup>



Málörvun

orðaforði og málfærni þeirra eykst.<sup>13</sup>

Það umhverfi sem börnin alast upp í hefur áhrif á þroska þeirra. Þegar þau fá ýmiss konar örvun t.d. hlusta á sögufrásögn, söng, tónlist, skoða myndir og ræða málin er verið að auka líkur á því að sú reynsla komi þeim að notum í ýmsum athöfnum síðar meir.<sup>12</sup>

Ef börn heyra ekki aðra tala, þá koma þau ekki til með að læra að tala sjálf. Með því að hlusta á lestur læra þau að tjá sig og

### Málörvun og lestur

Almenn málörvun í daglegu starfi er það mikilvægasta sem leikskólinn getur lagt af mörkum í læsisþróun barna. Mikilvægt er að hafa umhverfi á leikskólum mál- og læsisörvandi og þurfa börnin að hafa aðgang að málörvunarefni við hæfi hvar og hvenær sem er. Málörvunin þarf að vera fléttuð inn í allt starf leikskólans og huga þarf að þáttum eins og orðaforða, máltjáningu, hlustun og ritun. Kennarar þurfa að vera vel undirbúnir til að grípa tækifæri til málörvunar þegar þau gefast.<sup>14</sup> Til að árangur náist í málörvun þurfa leikskólar að hafa skýr markmið og markvissa skráningu yfir það sem gert er í þjálfunarstundum. Ef málörvun gengur vel kemur það fram í aukinni lífsleikni, bættri líðan og betri námsárangri.<sup>15</sup>



Skapandi starf með leir

Börn hafa almennt gaman af því að leika sér og því er kjörið að nýta leikinn til málörvunar t.d. að læra hljóð dýra í

dýraleik, heiti líkamshluta við klæðnað og heiti mismunandi hluta við að skoða bækur.<sup>16</sup>

Samvinna heimilis og skóla er mikilvægasti þátturinn í allri vinnu með börnum. Foreldrar þurfa að vera virkir þátttakendur í málörvun t.d. með því að byrja eins fljótt og mögulegt er að

<sup>11</sup> Kassow 2006

<sup>12</sup> Evershaug og Hallen 1993:106

<sup>13</sup> Erna Árnadóttir 1995

<sup>14</sup> Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2011

<sup>15</sup> Ásthildur Bj. Snorradóttir 2004

<sup>16</sup> Hrafnhildur Sigurðardóttir 1996

auka málskilning, bæta boðskiptafærni og máltjáningu barnanna.<sup>17</sup> Fullorðnir, t.a.m. foreldrar og starfsfólk skóla, geta stuðlað að auknum málþroska barna með því að setja orð á allar athafnir daglegs lífs. Til að byrja með ætti að nota einfaldar og stuttar setningar sem síðar væri hægt að lengja og flækja eftir aldri og skilningi barnanna.<sup>18</sup>

Umhverfið sem börnin alast upp í hefur áhrif á þroska þeirra. Þegar þau fá ýmiss konar örvun t.d. hlusta á sögufrásögn, söng, tónlist, skoða myndir og ræða málin er verið að auka líkur á því að sú reynsla komi þeim að notum í ýmsum athöfnum síðar meir.<sup>19</sup>

Til að örva börn til tals þarf að tala við þau og ekki síður að hlusta á hvað þau hafa að segja. Þeir einstaklingar sem eru í umhverfi barnanna þurfa að vera góðar fyrirmyndir og huga að því hvað barnið segir frekar en hvernig það talar.<sup>20</sup>

Mál-, hreyfi- og vitsmunapróska tvinnast saman og hafa áhrif hver á annan. Leggja þarf grunn að málþroska snemma í lífi barns. Allt frá fæðingu þarf að hafa góð samskipti við barnið í gegnum talað mál, þar sem raddblær,



Sögustund á Lækjarbrekku

hrynjandi og endurtekning skipta miklu máli. Þroski barna eykst og þau verða betur undirbúin til að tileinka sér lestur og skrift ef þau hafa átt í góðum mállegum samskiptum og fengið góða málörvun frá upphafi.

## Leikur og nám

Markmið leikskólastarfs er samkvæmt lögum nr. 90/2008 að nám fari fram gegnum leik en ekki í gegnum beina kennslu. “Stuðla skal að því að nám fari fram í gegnum leik og skapandi starf þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta”<sup>21</sup> Rannsóknir hafa sýnt að börn læra best þegar kennslan fer fram í gegnum leik.<sup>22</sup>



Barn í könnunarleik

<sup>17</sup> Ásthildur Bj. Snorradóttir 2004

<sup>18</sup> Christophersen og Mortweet 2004:33

<sup>19</sup> Evershaug og Hallen 1993:106

<sup>20</sup> Valdís B. Guðjónsdóttir 2007

<sup>21</sup> Lög nr 90/2008

<sup>22</sup> Holzman 2008



*Kubbaleikur í leikskólanum*

Hafa þarf í huga að leiknum á ekki alltaf að vera stjórnað af hinum fullorðna. Heldur er hans hlutverk að útvega efnivið sem vekur áhuga og fylgjast með þeim námstækfærum sem verða til í daglegu starfi leikskólans. Leikurinn þarf að vera sjálfsprottinn og á forsendum barnanna svo að hann skili tilætluðu námi. Þegar leikskólakennarinn stýrir leiknum fær frumkvæði barnsins ekki að njóta sín og barnið verður ekki eins áhugasamt og ef það fær að stjórna leiknum.<sup>23</sup>

Þegar kemur að málörvun og lestrarnámi barna í leikskólanum er leikurinn afar mikilvægur. Hann styður við lestrarnám einn og sér. Eitt af hlutverkum leikskólans er veita börnunum tækifæri til lestrarnáms og málörvunar með hvetjandi umhverfi, tíma til leiks og rýmis svo börn hafi svigrúm til að hreyfa sig, þróa leik og dýpka.<sup>24</sup> Táknrænn leikur byrjar um 1 árs aldur. Þá fer barn að leika með hluti sem það þekkir, til dæmis að þykjast drekka eða borða. Síðan þróast sá leikur í að leika við jafnaldra og ná augnsambandi við aðra. Hlutverka-, þykjustu-, sköpunar- og byggingaleikir þróast í framhaldinu. Síðar koma svo skynfæra og hreyfileikir sem og regluleikir. Málið þróast með leiknum og verður fljótlega stór hluti af honum.

Án tungumáls og málþróunar kemst leikurinn ekki af hinu táknræna stigi, en með því þróast hann í félagslegan leik.<sup>25</sup> Leikurinn gefur börnunum tækifæri til að læra tungumálið af jafningjum sínum og nota það í mismunandi tilgangi.

Að læra í gegnum leik frá unga aldri er besti grunnurinn sem börn geta fengið þangað til þau fara að læra á hefðbundnari hátt í grunnskóla. Leikurinn hjálpar börnum að læra og öðlast ýmsa færni sem auðveldar síðara nám. Ef leikskólinn stendur sig í að gera börnunum kleift að efla þá þætti sem þarf eins og t.d. hljóðkerfisvitund (t.d. sundurgreina hljóðeiningar, atkvæði, fyrsta hljóð í orði, rím og hrynjandi) og orðaforða í gegnum leik er hægt að koma í veg fyrir marga þá lestrarerfiðleika sem mörg börn glíma við þegar í grunnskólann er komið.

26

<sup>23</sup> Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2011

<sup>24</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011:38

<sup>25</sup> Ásthildur Bj.Snorradóttir og fl. 2014:34

<sup>26</sup> Aliza Ali og fl. 2011:15-16

# Móttökusamtal – við upphaf leikskólagöngu

Áður en aðlögun barnsins hefst eru foreldrar/forráðamenn boðaðir í móttökusamtal hjá deildarstjóra viðeigandi deildar og leikskólastjóra eða sérkennslustjóra. Tilgangur samtalsins er m.a. að fá upplýsingar um barnið, fjölskyldusögu, matarvenjur, trúarbrögð og málþroska og kynna starfsemi leikskólans fyrir foreldrum. Upplýsingarnar eru síðan nýttar til undirbúnings fyrir komu barnsins svo mögulegt sé að gera viðeigandi ráðstafanir til að gera aðlögunina sem auðveldasta/besta. Gott er að það sé komið á hreint í þessu samtali hvaða starfsmaður sér um aðlögun barnsins og það sé rætt við foreldra.

Foreldrar fá einnig kynningu á þeim skimunum og prófunum sem gerðar eru í leikskólanum og upplýsingar um hvernig skil á niðurstöðum fara fram þegar þar að kemur. Að auki eru þeim veittar upplýsingar um þá sérfræðipjónustu sem mögulegt er að fá hjá leikskólanum t.d. þjónustu talmeinafræðinga og sálfræðinga. Mikilvægt er að upplýsa foreldra vel um hvernig sé hægt að hafa samband við starfsfólk leikskólans og útskýra mikilvægi samvinnu og góðra samskipta milli leikskóla og heimilis (Sjá viðauka bls. 50).

## Móttökuáætlun fyrir börn með sérþarfir og tví- og fjöltyngd börn

Samkvæmt lögum hafa allir jafnan rétt til náms, án tillits til kyns, fjárhags, búsetu, trúar, fötlunar og menningarlegs eða félagslegs uppruna. Leikskólinn á að leggja grunn að íslenskukunnáttu barna sem tala annað móðurmál en íslensku og kynna þeim íslenskt samfélag.



Bræður með lithóenska fánann sinn

notið sín í leik og samskiptum við önnur börn. Foreldrar hafa rétt á túlkþjónustu eftir þörfum.

- Leikskólastjóri og deildarstjóri taka á móti foreldrum/forráðmönnum og barni/börnum ásamt túlk ef þurfa þykir.
- Móttökusamtal er tekið þannig að bakgrunnsupplýsingar sem skipta máli fyrir börnin komi fram.
- Foreldrar fá foreldrahandbók afhenta og aðlögun er skipulögð með deildarstjóra.
- Foreldrum er kynnt starf og stefna leikskólans ásamt starfsfólki.



Stúlka með alsírka fánann sinn

- Dvalarsamningur er undirritaður af foreldrum. Leikskólastjóri og deildarstjóri bjóða foreldra/ forráðamönnum og barn/ börn velkomin í leikskólann.



Stúlka með þýska fánann sinn

Við upphaf leikskólagöngu er búin til ferilmappa fyrir barnið. Í ferilmöppuna fara valdar myndir úr hópastarfi sem barnið gerir ásamt nokkrum vel völdum ljósmyndum af barninu í starfi og leik. Barnið fær svo möppuna afhenta við lok leikskólagöngu. Ferilmappan skapar því

góðar minningar af dvöl barnsins á leikskólanum.

Þegar börn með sérþarfir byrja í leikskólanum, hvort sem um er að ræða börn með skilgreinda fötlun eða börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál, er notast við sömu aðlögunaráætlun og hjá öðrum börnum. Sérkennari og deildarstjóri bera ábyrgð á móttöku barna með sérþarfir eða tvítyngdra/fjöiltyngdra barna en einnig situr skólastjóri upphafsfund með foreldrum.

- Sérkennari kynnrir sér stöðu barnsins og hvað og hvernig unnið hefur verið með því í fráfaramandi leikskóla ef barnið hefur áður verið í leikskóla. Lögð er sérstök áhersla á að fá upplýsingar um þær greiningar sem barnið hefur farið í og einnig hvort unnið hafi verið eftir sérstakri einstaklingsáætlun. Ef barn er að læra íslensku sem annað tungumál er í samvinnu við foreldra útbúin myndabók með myndum úr lífi barnsins og helstu persónum úr lífi þess til þess að byrja strax að vinna með grunnorðaförða.
- Sjónrænt skipulag er í leikskólanum og það þarf að vera skiljanlegt fyrir öll börn. Sjónrænu skipulagi verður gert frekari skil síðar í verkefninu.
- Unnið með tjáskiptaleiðina „Tákn með tali“. Öll börn sem byrja á leikskólanum fá sitt



Barn gerir tákn fyrir „vatn“

tákn og unnið er með TMT í gegnum alla leikskólagönguna. Stefnt er að því hér á Lækjarbrekku að þeir foreldrar sem vilja fái send heim þau tákn sem verið er að vinna með. Sérkennari fær svo þýðingu á þessum táknum fyrir foreldra tvítyngdra/fjöiltyngdra barna yfir á þeirra tungumál.

- Gott móðurmál er grunnurinn að því að læra nýtt tungumál og verður því að leggja áherslu á að vinna markvisst með bæði tungumálin í námi tvítyngdra/fjöiltyngdra barna.

- Byrjað er á að vinna er með algeng orð og frasa á íslensku sem eru notuð í



*Íslenski fáninn ásamt litum úr fánum barna á Lækjarbrekku sem eru tengd öðru þjóðerni*

móðurmáli barnsins, t.d góðan dag, takk fyrir mig, kveðjur og þess háttar. Einnig er unnið með að kynna þjóðfána mismunandi landa.

- Sérkennari og deildarstjóri útbúa einstaklingsáætlun fyrir barnið enda bera þeir sameiginlega ábyrgð á námi barnsins.

- Einstaklingsáætlunin byggir á stöðu barnsins eins og hún er þegar barnið byrjar í leikskólanum og þeim greiningum og upplýsingum sem því fylgja. Í henni kemur fram hve mikla aðstoð barnið fær í hverri

viku og hvaða áherslur verða gerðar hvað varðar nám og stuðning sem varðar barnið. Einstaklingsáætlunin er tímasett og unnið er eftir henni í ákveðinn tíma. Fundur er haldinn eftir að búið er að vinna eftir áætluninni í ákveðinn tíma. Foreldrar fá alltaf eintak af einstaklingsáætlun.

- Á fundinum sem haldinn er eftir að búið er að vinna eftir einstaklingsáætlun í ákveðinn tíma er farið yfir hvernig gekk. Áætlunin er uppfærð og ákvarðanir teknar um framhaldið í samráði við foreldra.
- Ef foreldrar eru af erlendu bergi brotnir og tala ekki íslensku eða ensku fær leikskólastjóri túlk til að vera viðstaddur í þeim viðtölum sem fram fara í skólanum svo foreldrar skilji hvað einstaklingsáætlun gengur út á og geri sér grein fyrir leikskólagöngu barnsins og öðru menningarumhverfi.
- Börn með sérþarfir og börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál taka þátt í daglegu starfi leikskólans eins og hægt er. Námsefni og aðstæður eru aðlagðar að hverju og einu barni í samvinnu við sérkennara og deildarstjóra.
- Foreldrar geta alltaf haft samband við sérkennara eða deildarstjóra ef einhverjar spurningar vakna um nám barnsins eða annað sem að barninu snýr.
- Reynt er eftir fremsta megni að hafa aðstöðu og aðbúnað til sérkennslu í samræmi við lög og reglugerðir. Leitast er við að hafa fjölbreytt úrval námsgagna og að nýta tölvur við námið eftir þörfum. Flokkun á málörvunarefni eftir málþáttum nýtist vel til þess að velja námsefni sem hæfir þörfum hvers barns. Ef barnið þarf á hjálpartækjum að halda við nám sitt verður allt gert sem hægt er til að hafa þau tiltæk eða samið um að

barnið noti sín eigin þar sem það á við.

- Lagt er upp með að börn með sérþarfir og börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál taki þátt í öllu daglegu starfi skólans og að allt starfsfólk leikskólans leggi sig fram við að gera það mögulegt.

Upplýsinga- og færnimappa er einnig gerð en í hana fara allar upplýsingar og skimanir/prófanir er varða barnið. Þetta auðveldar yfirsýn yfir þroska og nám barnsins. Upplýsingar úr foreldrasamtölum, niðurstöður úr matslistum og skimunum/prófunum sem barnið fer í á leikskólagöngu sinni eru til staðar í færnimöppu barnsins. Ef einstaklingsnámskrá er fyrir barnið þá er afrit af henni í möppunni. Skimanir/prófanir sem allir nemendur leiksskólans fara í eru: *Smábarnalistinn*, *Orðaskil*, *TRAS*, *Gerd Strand*, *sænska fínhreyfimatið* og *Hljóm- 2*. Fjallað verður nánar um hverja skimun/prófun fyrir sig hér á eftir.

## Reglubundnar skimanir/prófanir

Foreldrar eru hvattir til að fara með börnin sín í reglubundið eftirlit á heilsugæslustöðvum. Farið verður með niðurstöður eftirlits á heilsugæslustöð í trúnaði sem og aðrar upplýsingar um börnin.

Á heilsugæslum landsins er fylgst með þroskaframvindu ungbarna og barna. Heilsugæslan notast m.a. við matstækið Brigance og PEDS spurningarlista til að geta greint nákvæm frávík í þroska hjá börnum<sup>27</sup>. Heilbrigðisstofnun vesturlands á Hólmavík á í góðu samstarfi við leikskólann Lækjarbrekku. Ef grunur um frávík kemur fram á öðrum hvorum staðnum er leitað til hins aðilans til að fá umsagnir og gögn sem geta leitt til frekari greiningar á frávikum.

Eftirfarandi eru þau matstæki sem eru lögð eru fyrir öll börn í leikskólanum Lækjarbrekku:

### Íslenski smábarnalistinn

Íslenski Smábarnalistinn er frumsaminn á Íslandi og er ætlað að meta mál- og hreyfiþroska barna á aldrinum 15-38 mánaða út frá svörum mæðra á stöðluðum spurningalista. Metnir eru eftirfarandi þættir: hlustun, tal, grófhreyfingar, fínhreyfingar og sjálfsbjörg. Gerð Smábarnalistans var framhald af þeirri vinnu sem var lögð í að gera Íslenska þroskalistann en það þótti vanta svipaðan lista fyrir yngri börn.

---

<sup>27</sup> Heilsugæslan e.d.

Smábarnalistinn er fylltur út af móður barns og niðurstöður unnar af leikskólastarfsmanni sem hefur lokið réttindanámskeiði.<sup>28</sup>

### **TRAS** – skráning á málþroska ungra barna

TRAS er samið af sérfræðingum í Noregi. Það þótti vanta hnitmiðað og marktækt tæki til að fylgjast með málþroska barna í daglegu leikskólastarfi. Efnið er ætlað til að aðstoða fagfólk á leikskólum til að skipuleggja, á markvissan hátt, málörvun í starfi leikskólans. Markmiðið með notkun TRAS er að fagfólk fái yfirsýn yfir málþroskaframvindu barnanna í skólanum. Mælt er með að skráning fari fyrst fram við 2 ára aldur og síðan tvisvar á ári, með sex mánaða millibili þar til barn nær 5 ára aldri.

Skráning er í höndum leikskólastarfsmanns sem lokið hefur réttindanámskeiði.<sup>29</sup>

### **Orðaskil** – Málþroskapróf

Orðaskil er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum **eins og háls til þriggja ára**. Prófinu er ætlað til að mæla orðaforða barna og hvort þau hafi náð valdi á beygingakerfi og setningagerð málsins. Með samanburði er hægt að finna hvort að málþroski barna falli innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra.<sup>30</sup>

Prófið er fyllt út af foreldrum barns og niðurstöður unnar af leikskólastarfsmanni.

### **Könnun Gerd Strand** – Mat á stöðu 4 ára nemenda

Markmið könnunarinnar er að stuðla að faglegum og markvissum vinnubrögðum á leikskólanum. Með gerð könnunarinnar geta kennarar fengið skýra mynd af stöðu nemenda og mögulega styrkt stöðu þeirra í allri samvinnu. Könnunin er huglægt mat og tekur á flestum færni- og getuþáttum sem geta haft áhrif á hvernig nemendum gengur í leikskólanum. Þeir þættir sem metnir eru: Gróf- og fínhreyfingar, hegðun, mál og tal, virkni, samskipti og þekking. Þessum þáttum er skipt í 10 spurningaflokka. Könnunin er búin til með 4 ára meðalnemanda í huga og metur hvort að vísbendingar séu um frávík hjá viðkomandi nemanda.<sup>31</sup>

Leikskólastarfsmaður sem lokið hefur réttindanámskeiði fyllir út könnunina.

---

<sup>28</sup> Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson 1997

<sup>29</sup> Íslenski Tras hópurinn 2013

<sup>30</sup> Elín Þöll Þórðardóttir 1998

<sup>31</sup> Guðjón E. Ólafsson 2005



## **Hljóm-2** – Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna

Með fyrirlögn þessa prófs er hljóð- og málvitund leikskólabarna metin. Matið fer fram að hausti. Með niðurstöðurnar til hliðsjónar er hægt að spá fyrir um lestrarfærni hjá börnum þegar þau fara upp á næsta skólastig. Þar af leiðandi er hægt að grípa snemma inn í ef þörf þykir. Þeir þættir sem eru metnir í Hljóm-2 eru: Rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging. Niðurstöðurnar eru flokkaðar eftir góðri færni, meðal færni, slakri færni og mjög slakri færni. Unnið er með börnunum út frá þeim þáttum sem þarf að bæta og þau eru endurmetin að vori.<sup>32</sup>

Leikskólastarfsmaður sem lokið hefur réttindanámskeiði leggur prófið fyrir nemendum.

## **Sænska fínhreyfimatíð** - Finmotorískt Utveklingsstatus

Matstækið metur grip um skriffæri og skæri auk líkamsbeitingar og færni við fínhreyfivinnu. Einnig verklegt skipulag, samhæfingu og sjónræna þætti. Þættirnir eru metnir með því að fylgjast með barni vinna ýmiss konar verkefni t.d. að teikna, lita, skrifa, klippa, raða kubbum og púsla. Færni barns er síðan metin útfrá aldri og þjálfun tekur við ef þörf er á. Matið er endurtekið eftir tímabil þjálfunar til að kanna framfarir.<sup>33</sup>

Iðjuþjálfni/ þroskaþjálfni á leikskólanum leggur matið fyrir.

## **Skil á niðurstöðum til foreldra**

Foreldrar eru látnir vita um niðurstöður skimunar/prófunar, ef talin er þörf á frekari greiningum skrifa foreldrar undir samþykki/ synjun á nánari athugun (sjá eyðblöð bls.67 ).

## **Næstu skref þegar um frávík er að ræða**

### **Trappa** - fjarþjálfun með áherslu á talþjálfun í gegnum tölvubúnað

Fjarþjálfun Tröppu fer fram í gegnum búnað sem settur er upp í tölvu á leikskólanum. Þjálfarar hitta skjólstæðinga sína einu sinni í viku, eða eins oft og um hefðbundna þjálfun væri að ráða, í því umhverfi sem það er öruggt í. Á vefsíðu Tröppu stendur eftirfarandi:

„Margt vinnst með fjarþjálfun; - aðgengi að sérþekkingu og sérfræðingum stóreykst, þjónusta á afskekknum stöðum stendur til boða með mun reglubundnari hætti, nemandi eða skjólstæðingur fær þjálfun á besta tíma dagsins, foreldrar eða aðstaðendur þurfa ekki að taka sér tíma frá vinnu og keyra á milli staða. Að sama skapi nýtist tími og fagþekking menntaðra talmeinafræðinga og annarra

<sup>32</sup> Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir 2002

<sup>33</sup> Lantz og Melén 1992

sérfræðinga betur til þjálfunar. Dýrmæt þekking yfirfærast inn í skóla og stofnanir þegar starfsmenn skóla eða stofnunar, sem og aðstaðendur, sjá og heyra hvað þarf að vinna með á milli funda.<sup>34</sup>

- Hrafnhildur Þorsteinsdóttir – sérkennari grunnskóla /Utanaðkomandi aðili → *TOLD-2P málþroskamát*. Hrafnhildur hefur réttindi til að taka mat á börnunum og er leitað til hennar ef þörf þykir.

### **Greining og ráðgjöf hjá sálfræðingi.**

Magnús Baldursson sálfræðingur er skólasálfræðingur Strandabyggðar. Magnús kemur að jafnaði einu sinni í mánuði til Strandabyggðar og hittir nemendur og foreldra. Hann veitir ráðgjöf, sinnir greiningum og vísar börnum í frekari greiningu ef talin er þörf á því.

Ef að upp kemur grunur um frávík fer af stað ákveðið ferli. Þá hittir barnið og foreldrar/forráðamenn sálfræðing sveitafélagsins til að meta stöðuna. Ef grunur um frávík er á rökum reistur verður barninu vísað til frekari greiningar.

Hér í leikskólanum hefur verið tekin sú stefna að börn sem sýna merki um frávík í þroska fá aukna þjálfun í formi einstaklingsþjálfunar hjá sérkennslustjóra leikskólans og byrjar sú vinna fljótlega eftir að grun um frávík verður vart. Þá er sérstaklega fylgst með barninu í leik inni á deild, sem og í almennu daglegu starfi, og barnið er aðstoðað eftir þörfum.

### **TOLD-2P málþroskamát**

Með fyrirlögn prófsins er hægt að meta málskilning og máltjáningu 4-9 ára barna. Í prófinu eru 7 undirpróf sem samtals gefa eina málþroskatölu sem gefur til kynna hvort að barnið sé með eðlilegan málþroska miðað við jafnaldra sína. Með fyrirlögn prófsins er hægt að fá upplýsingar um vægi málþáttana, setningafræði, merkingarfræði og hljóðkerfisfræði.<sup>35</sup>

Upplýsingar um prófið af <http://lesvefurinn.hi.is/node/149>

- *Íslenski þroskalistinn* lagður fyrir ef útkoma úr *Smábarnalista* er slök (starfsfólk leikskóla sem hafa lokið réttindanámskeiði, foreldrar fylla út)

---

<sup>34</sup> trappa.is 2017

<sup>35</sup> Hammill og Newcomer 1998

## Íslenski þroskalistinn

Íslenski þroskalistinn er saminn á Íslandi og er ætlað að meta mál- og hreyfiþroska barna á aldrinum 3-6 ára út frá svörum mæðra á stöðluðum spurningalista. Metnir eru eftirfarandi þættir: hlustun, tal, nám, grófhreyfingar, fínhreyfingar og sjálfsbjörg.

Foreldrar fylla út listann og leikskólastarfsmaður sem lokið hefur réttindanámskeiði vinnur niðurstöður.<sup>36</sup>

## Umgjörð um leikskólastarfið

Leikskólinn Lækjarbrekka starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008<sup>37</sup>, reglugerð um



*Leikur á Lækjarbrekku*

starfsumhverfi leikskóla nr.655/2009 og Aðalnámskrá leikskóla, sem er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að uppeldi og menntun barna í leikskólum. Hún er viðmiðunar og upplýsingaveita fyrir foreldra/forráðamenn nemenda leikskólans og til að efla samstarf heimila og skóla.

Leikskólinn Lækjarbrekka er tveggja deilda leikskóli. Börn eru tekin inn í leikskólann árs gömul. Börnunum er aldurskipt á deildir

leikskólans og eru yngri börnin á Tröllakoti en eldri börnin á Dvergakoti. Yfirleitt færast börnin á milli deilda á haustin þegar leikskólastarf hefst aftur eftir sumarfrí. Á yngri deild leikskólans eru börn frá eins til þriggja ára en á eldri deildinni börn sem komin eru á fjórða ár og eldri. Þrír starfsmenn eru á yngri deildinni en á eldri deildinni eru tveir starfsmenn. Þá er leikskólastjóri, sérkennslustjóri, matráður/ræstitæknir og afleysing fyrir utan hefðbundið deildarstarf.

<sup>36</sup> Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson 1997

<sup>37</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008

# Áherslupættir Lækjarbrekku varðandi mál og læsi í víðara samhengi

Stefna og hugmyndafræði leikskólans

Leikskólinn Lækjarbrekka leggur áherslu á nám í gegnum reynslu „learning by doing“ eftir stefnu John Dewey. Fyrri reynsla barnsins verður til þess að það byggir upp þekkingu sína. Leikurinn er leið barns til að vinna úr tilfinningum og finna áhugasvið sitt.



Frá hreyfiviku UMFÍ sem leikskólinn tók þátt í

Kenningar Lev S. Vyogotsky um „svæði hins mögulega þroska“, bilið milli getustigs barns, sem barn getur numið sjálfstætt, og þroska sem þau geta náð með aðstoð fullorðinna eða samnemanda sem lengra eru komnir, vitsmunalegur þroski barns eigi sér stað í gegnum gagnkvæm samskipti við félagslegt umhverfi. Einnig er fjallað um mikilvægi leiksins, að leikurinn sé meginuppspretta fyrir alhliða þroska

barna.

Mikilvægi hlutverkaleiks þar sem barn setur sig í spor annarra þannig að þau eru á undan þroskastigi sínu.

Leikur og nám – hvernig lærum við í gegnum leik

Leikurinn er helsta leið náms og þroska barna á leikskólaaldri. Leikurinn er tjáningarleið barnsins. Á Lækjarbrekku er lögð áhersla á stuðla að því að búa til leikaðstæður bæði með og án beinnar íhlutunar án kennara. Kennarinn er til staðar aðallega til þess að leiðbeina og fylgjast með eftir þörfum. Áhersla er á bæði úti- og innileiki við fjölbreyttar aðstæður.

Leikurinn þjálfar og eflir félagsfærni, almennan þroska og

tilfinningagreind. Hann leggur einnig grunn að góðum málþroska og læsi í víðum skilningi



Skynörvun undir teppi

**Markviss Málörvun** er yfirhugtak á öllum markvissum aðferðum til að efla málþroska



*Hópatími í Tröllakoti*

barna. Bókin, *Markviss málörvun, þjálfun hljóðkerfisvitundar*<sup>38</sup>, er notuð á báðum deildum í lestri, söng og þjálfun hljóðkerfisvitundar.

**Málþroski og læsi – færni til framtíðar** er þróunarverkefni sem leikskólinn tekur þátt í ásamt leikskólum Austur Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra. Markmið leikskólans er að öll börn leikskólans nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal, boðskipti og góðan undirbúning er varðar lestur. Stefnt er að því að þetta geri

nemendur betur undirbúna inn í fyrsta bekk grunnskólans og að unnið sé í anda heilstæðrar skólastefnu. Áhersla verður lögð á að hver nemandi fái íhlutun og kennslu við hæfi. Starf kennara grunnskólans byggir á niðurstöðum og áherslum í kennslu frá leikskólum þannig að ekki verði afturvirkta rof. Unnið verður eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun með áherslu á hámarksárangur allra nemenda hvað varðar mál og læsi.<sup>39</sup>



*Kátir krakkar á Lækjarbrekku*



**Lubbi finnur málbein** byggir á kennsluaðferð til að styrkja tileinkun íslensku mállhljóðanna. Leikskólinn er nú að innleiða Lubbanámsefnið. Efnið er eftir þær Þóru Másdóttur og Eyrúnu Ísfold Gísladóttur talmeinafræðinga og er hugsað til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum 2.-7 ára. Í efninu er lagt upp með fjölbætta aðferð til að skynja hljóðin og gera þau nánast áþreifanleg með því að virkja heyrnar- og sjónskynjun, hreyfi- og

<sup>38</sup> Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir 1999

<sup>39</sup> Ásthildur B.J. Snorradóttir 2004

snertiskyn. Sérstaða efnisins er notkun TMT, Tákni með tali, en notkun þeirra tákna er til stuðnings við hljóðamyndun. Til að talið verði sýnilegt eru tákni myndræn og lýsandi fyrir hljóðið. Málhljóðin eru 35 og eru tengd við bein (málbein) sem hundurinn Lubbi leitar að á ferð sinni um Ísland. Höfundar efast ekki um að efnið um Lubba sé gott veganesti við lestrarnám og ritun á texta í grunnskóla.<sup>40</sup>



**Snemmtæk íhlutun** felur meðal annars í sér að lögð eru fyrir nemendur skimanir/prófanir frá 15.mán. aldri til loka leikskólagöngu. Síðan er unnið markvisst út frá niðurstöðum hvers nemenda og honum veitt þjálfun og aðstoð við hæfi. Gripið er strax inn í með viðeigandi íhlutun ef frávik koma fram í skimunum. Það hefur verið sýnt fram á með rannsóknum að hægt er að draga úr eða jafnvel koma í veg fyrir námsörðugleika með réttum aðgerðum sem eru byggðar á snemmtækri íhlutun. Þeim skimunum sem lagðar eru fyrir börnin verða gerð frekari skil í öðrum kafla hér í verkefninu.

Snemmtæk íhlutun í málörvun barna merkir að greina sem fyrst þau frávik sem kunna að vera til staðar hjá börnum. Skilgreina hver frávikin eru, hvar erfiðleikarnir liggja og fara vandlega yfir upplýsingar um barnið. Einnig er átt við allar þær aðgerðir sem nýttar eru til þess að hafa áhrif á þroskaframvindu barns hvort sem það snertir málþroska eða aðra þroskaþætti sem þarf að efla. Á markvissan hátt er unnið með þau frávik sem komið hafa í ljós. Því fyrir sem þessi frávik finnast því fyrir er hægt að hefja íhlutun og finna úrræði sem barnið þarfnast. Samkvæmt sérfræðingum er hægt að hafa áhrif á þroskaframvindu og undirbúning barna fyrir nám með ígrunduðum aðferðum. Ung börn hafa ekki fullmótaða heilastarfsemi og eru því á yngri árum næmari fyrir íhlutun. Þess vegna er hægt að koma í veg fyrir eða draga verulega úr mögulegum námserfiðleikum því fyrir sem málþroskafrávik eru greind eða skilgreind.<sup>41</sup>

Mjög mikilvægt er að efla samstarf við foreldra með fræðslu og upplýsingum um málþroskafrávik. Það þarf að gera foreldrum grein fyrir því hvernig börn þeirra standa hvað varðar mál, tal og boðskipti og þá þarf að vísa þeim áfram til talmeinafræðinga, sálfræðinga

<sup>40</sup>Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir 2009

<sup>41</sup>Anney Ágústsdóttir, Ásthildur Bj. Snorradóttir ofl. 2014:12-14

og annarra sérfræðinga eftir því hvers eðlis frávikin eru. Mikilvægt er að foreldrar geri sér grein fyrir mikilvægi þess að taka virkan þátt í aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Þá skiptir máli að þeir séu vel upplýstir og taki þátt í því að undirbúa sitt barn til að takast á við námið.<sup>42</sup> Málþroski og læsi fylgjast að og þess vegna er það nám sem börnin nema á leikskólaárunum góður grunnur að þeirri læsisþróun sem á sér stað og þau nýta sér í framtíðinni.<sup>43</sup>

Góður árangur í lestri getur gefið börnum góð tækifæri og forskot í námi. Ef illa gengur getur það haft slæm áhrif á líðan og nám hjá barninu en með snemmtækri íhlutun má koma í veg fyrir erfiðleika við lestur og nám seinna meir á skólagöngunni. Því er mikilvægt að kanna færni barna með því að leggja fyrir skimunarpróf sem gefa frekari möguleika á að finna þau frávík sem kunna að vera til staðar.<sup>44</sup>

Skimanir/prófanir sem eru notaðar í leikskólanum eru: *Íslenski smábarnalistinn*, *Proskalistinn* 15-38.mán., *TRAS* 2 – 5 ára, *Orðaskil* 3 ára, *Gerd Strand* 3,6 – 4,5 ára, *Sænska fínhyrfimatið* 4 – 5 ára og *Hljóm-* 2 fyrir 5 ára

## **Töfrar 1-2-3 reglan**

Einfaldar og árangursríkar aðferðir er það sem Töfrar 1- 2- 3 bjóða uppá. Aðferðir sem aðstoða fullorðna til að ráða við börn frá 2 – 12 ára, hjálpar þeim að takast á við hegðunarvanda barna og á sama tíma halda stillingu og sýna sanngirni. Thomas W. Phelan höfundur Töfrar 1- 2- 3, sankaði að sér mörgum nýtanlegum meginreglum úr bókum og af námskeiðum og kom með þessa aðferð til að greina æskilega og óæskilega hegðun. Hann skilgreinir líka 6 aðferðir sem börn beita til að ná sínu fram og hvernig best er að taka á málum.<sup>45</sup>

Þær 6 aðferðir sem börn beita til að ná sínu fram eru; *suð*, *ógnun*, *hótun*, og að leika *píslarvott*. Þessar fjórar fyrstu aðferðir eiga það sammerkt að spila inn á sektarkend foreldra. *Smjæður* og *uppsteytur* eru þó líka aðferðir sem börn nota til að fá sínu framgengt.

Töfrar 1,2,3 snýst um að uppræta þessa hegðun og stjórnunarhætti barnsins á snöggan og öruggan hátt, án þess að eyða orðum í rifrildi eða skammir. Sé aðferðinni fylgt vel eftir má búast við að árangur náist fljótt og örugglega. En mikilvægt er að huga að því að ef margir aðilar eru að nota aðferðina á sama barnið, þá verða aðilarnir (foreldrar/forráðamenn, leikskólakennarar o.fl.) að vera samstíga í því hvernig og hvenær á að beita þessari aðferð.

<sup>42</sup>Anney Ágústsdóttir, Ásthildur Bj. Snorradóttir ofl. 2014:12

<sup>43</sup>Hrafnhildur Ragnarsdóttir 2015:6

<sup>44</sup>Helga Sigurmundsdóttir 2015

<sup>45</sup>Phelan, Thomas W. 2008

Grænfáni

Á **grænni grein**. Leikskólinn Lækjarbrekka sótti um að komast í „Skólar á grænni grein“



*Grænfáninn blaktir við hún á Lækjarbrekku.*

vorið 2014, en það er alþjóðlegt verkefni á vegum Foundation for Enviromental Education. Landvernd er aðili að þessum samtökum og hefur umsjón og eftirlit með verkefninu hér á landi.<sup>46</sup> Leikskólinn Lækjarbrekka hefur náð fyrsta áfanga. Nemendur leikskólans eru að vinna að aukinni menntun og þekkingu á náttúrunni, umhverfinu og umgengni. Bætt umgengni, flokkun, moltugerð og orka eru þau atriði sem við höfum tekið

fyrir enn sem komið er. Unnið verður áfram á þeirri braut ásamt því að taka inn önnur áhersluatriði hjá Landvernd.

Þegar farið var í það verkefni sem grænfáninn er var samið lag fyrir leikskólann til að sýna að okkur er ekki sama hvernig gengið er um bæinn okkar, Hólmavík.

- **Lag Lækjarbrekku**

(texti sunginn við „You are my sunshine“)

„Það er svo gaman á Lækjarbrekku  
að vinna saman og flokka sorp.  
Þá verður Hólmavíkin okkar  
miklu betra og fállegra þorp.“

Höf.texta. Steinunn M. Eysteinsdóttir

## Foreldrasamstarf og samskipti milli leikskóla og heimilis

Gott samstarf þarf að vera á milli heimilis og skóla svo barninu líði sem best. Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barnanna og er leikskólastarfið viðbót við það uppeldi sem fram fer á heimilum barnanna. Mikilvægt er að láta



*Frá grilldegi vorið 2017*

<sup>46</sup> Landvernd.is 2017



vita á báðum stöðum hvernig barnið hafi það og hvað það er búíð að aðhafast yfir daginn.

Sýnt hefur verið fram á að góð og jákvæð samskipti á milli foreldra og starfsfólks leikskóla stuðla að betra jafnvægi hjá börnunum. Öflug og jákvæð samskipti og samstarf á milli foreldra og starfsfólks leikskóla stuðla einnig að því að foreldrar hafa betra verkfæri í höndunum til að hafa áhrif á leikskólastarfið, þá er auðveldara að skiptast á hugmyndum, koma upplýsingum á framfæri og viðhafa góð og jákvæð samskipti.



*Frá grilldeginum*

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 er tekið fram að leikskólastjóri eigi að stuðla að samstarfi á milli foreldra og starfsmanna leikskólans<sup>47</sup> og er vel að því staðið á leikskólanum Lækjarkrekkju. Margt er hægt að gera til að viðhafa góð, jákvæð og regluleg samskipti foreldra og leikskóla. Yfir skólaárið eru haldnir nokkrir viðburðir í, eða tengdir leikskólanum þar sem foreldrar og fjölskyldur leikskólabarna eru boðin



*Föndrað fyrir jólin með foreldrum*



*Piparkökur og kakó með foreldrum*

sérstaklega velkomin.

Í upphafi vetrar er haldin foreldrafundur þar sem foreldrar allra leikskólabarna eru boðaðir. Foreldrar eru boðaðir í foreldraviðtöl í leikskólann tvisvar sinnum yfir starfsárið. Foreldrar og systkini eru boðin velkomin í leikskólann að taka þátt í Vanessuhátíð, sem er hátíð haldin til heiðurs Vanessu,

styrktarbarni leikskólans. Foreldrar og systkini eru velkomin að taka þátt í jólaföndri í leikskólanum og farið er á kaffihús í nágrenninu og þar er boðið upp á kakó og piparkökur. Það er sérstakt ömmu og afakaffi haldið í leikskólanum þar sem ömmum og öfum og eldri borgurum er boðið í heimsókn. Á degi leikskólans er foreldrum boðið í morgunmat með börnunum í leikskólanum. Á vorin er útskrift elstu barnanna úr leikskólanum og er í leiðinni opnuð



*Fjör á grillhátíð*

<sup>47</sup> Lög um leikskóla 2008

listasýning. Þangað er foreldrum og systkinum að sjálfsgöðu boðið að koma og vera viðstödd. Í síðustu viku leikskólaársins er svo Grillhátíð þar sem foreldrum og systkinum leikskólabarnabarna er boðið til veislu og allmennt skemmtihalda. Auk þessara viðburða eru foreldrar ávallt velkomnir í heimsókn til að fylgjast með leikskólastarfi eða til að hitta leikskólastarfsfólk til að ræða málin. Foreldrar fá sérstaka vitneskju um að starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu.

### Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi við leikskólann Lækjarbrekku. Í foreldraráði sitja þrjú kjörnir foreldrar auk leikskólastjóra, sem situr fundi sé óskað eftir því. Kosið er í ráðið árlega í upphafi vetrar. Hlutverk foreldraráðs er að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og fylgjast með öðrum áætlunum vetrarstarfs leikskólans. Þá er einn úr foreldraráði kosinn sem áheyrnarfulltrúi í fræðslunefnd sveitarfélagsins.

### Foreldrafélag

Foreldrafélag skal starfa við sérhvern leikskóla á landinu samkvæmt aðalnámskrá. Foreldrar barna á leikskólanum Lækjarbrekku verða sjálfkrafa meðlimir í félaginu og greiða félagsgjöld sem er skipt upp í tvær greiðslur á ári. Foreldrafélagið er hugsað sem tengiliður foreldra og starfsfólks leikskólans. Markmið þess er, eins og fram kemur í lögum og reglugerð um starfsemi leikskóla, að stuðla að velferð barnanna og kappkosta að efla alhliða þroska þeirra í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins. Einnig að að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið barnsku sinnar.



*Foreldrar á spjalli á grilldegi*

Foreldrafélagið er vettvangur fyrir foreldra til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi starfið á leikskólanum.

### Foreldrafundur

Foreldrafundur er haldinn einu sinni á starfsári, yfirleitt í september. Leikskólastjóri stendur fyrir foreldrafundinum og er öllum foreldrum barna leikskólans boðið að mæta á fundinn. Á fundinum er farið yfir og veittar upplýsingar um starfsemi vetrarins sem er í vændum. Farið er yfir leikskóladagatalið, helstu viðburðir taldir upp og farið nánar yfir viðburðina. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við leikskólastjóra eða deildarstjóra ef ræða þarf frekar um barnið, skipulag, starfsfólk eða fleira.

## Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum á ári. Hið fyrra er um miðjan september og hið síðara í mars/apríl. Í foreldraviðtölum fá foreldrar upplýsingar um það hvernig barninu þeirra gengur í daglegu starfi. Vakin er athygli á því að foreldrum er ávalt velkomið að fá viðtal oftast ef þeir vilja. Einnig óska deildarstjórar eftir viðtali ef þeir telja þörf á.

## Þagnarskylda leikskólustarfsmanna

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að starfsfólk leikskóla skal gæta ýtrustu þagmælsku um hagi barnanna og foreldra/forsjáraðila þeirra, sem starfsfólkið fær vitneskju um í starfi sínu innan leikskólans, og utan vistunartíma barnanna.<sup>48</sup> Starfsfólk leikskólans Lækjarbrekku undirritar samning um að halda fullum trúnaði og virða þagnarskyldu. Þagnarskylda helst þótt starfsmaður láti af störfum.

Þagnarskylda nær þó ekki til atvika sem starfsmaður telur að ógni hagsmunum barnsins og ber í þeim tilvikum að tilkynna þau til viðkomandi barnaverndaryfirvalda.

## Sólblómaleikskóli og Vanessuhátíð

Vanessa er styrktarbarn leikskólans Lækjarbrekku, Vanessa býr í SOS barnþorpi í Zimbabwe. Einu sinni á ári er haldin Vanessuhátíð henni til heiðurs, þá er opið hús og foreldrum boðið að versla alls konar varning sem börnin hafa verið að fönndra fyrir hátíðina.



*Styrktarbarnið okkar hún Vanessa*

Ágóði sölunnar ásamt peningum sem safnast í sparibauka (í andyri leikskólans) fara í árgjald fyrir Vanessu. Afmælis- og jólagjöf er svo send ásamt lítilli peningaupphæð sem fer inn á reikning sem er aðeins fyrir Vanessu þegar tími kemur á flutning hennar úr barnþorpinu. Á eldri deild leikskólans er farið yfir hvar Zimbabwe er í heiminum, hvar þorpið er sem Vanessa býr, dýr

sem finnast þar, menningu og matargerð. Leikskólinn Lækjarbrekka er Sólblómaleikskóli en það er leikskóli sem styrkir ákveðið barn í SOS Barnþorpi eða styrkir samtökin.<sup>49</sup>

<sup>48</sup> Lög um leikskóla 2008

<sup>49</sup> SOS.is 2017

## Jólafondur/jólaverkstæði og kaffishúsaheimsókn

Fyrir jólin er hefðbundið leikskólastarf brotið upp og unnið er að margskonar jólaundirbúningi. Foreldrum og systkinum er boðið að koma í leikskólann og taka þátt í jólaverkstæði, þar sem börn, fullorðnir og leikskólastarfsfólk fönndrar og nýtur stundarinnar saman undir lágum tónum jólatónlistar. Þarna gefst foreldrum kostur á að fönndra og taka þátt í jólaundirbúningi barna sinna og skapa með þeim skemmtilegar minningar.



*Frá ömmu og afakaffi*

## Afa- og ömmukaffi

Eins og orðið ber með sér þá eru

ömmur og afar sérstaklega boðin

velkomin að þyggja og njóta samstunda með barnabörnum sínum á leikskólanum. Ömmur og afar eru oft á tíðum stór partur af lífi barnsins og börnin hafa sérstaklega gaman af því að bjóða ömmum og öfum að koma og sýna þeim leikskólans sinn. Auk ömmu og afa er eldri borgurum Strandabyggðar boðið að koma og kíkja í kaffi og sjá hvað er um að vera í leikskólanum. Þarna er komin ákveðin leið fyrir börnin til að læra af eldra fólkinu og eldra fólkið hefur gaman af því að umgangst börnin og fylgja þeim eftir í leik og starfi.



*Jólafondur með foreldrum*

## Dagur leikskólans

Dagur leikskólans hefur verið haldin hátíðlegur í febrúar undanfarin 10 ár.

Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytis og landssamtaka foreldra; Heimili og skóli. Á degi leikskólans er foreldrum

boðið að snæða morgunnverð með börnum sínum í leikskólanum og fylgja þeim eftir í leik og starfi.



*Góðir vinir – Gleði – Virðing - Vinátta*

Dagur leikskólans miðar að því að opna og kynna starfsemi leikskólanna fyrir almenningi og því kjörið að nota þennan dag til að bjóða foreldrum sérstaklega inn í leikskólann.<sup>50</sup>

### Útskrift og opnun listasýningar

Að útskrifast úr leikskóla er stór áfangi í lífi barns, foreldra þess og fjölskyldu og starfsfólks leikskóla. Útskrift elsta árgangs leikskólans fer fram í lok maí ár hvert. Við það tilefni hefur nú undanfarin ár verið opnuð listasýning í Íþróttamiðstöð Hólmavíkur.

Öllum er boðið að vera viðstaddir við útskriftina sem fer einnig fram í Íþróttamiðstöð Hólmavíkur.

Börnin fá viðurkenningaskjal og undanfarin ár

hafa börnin verið leyst út með litlu tréi sem þau geta gróðursett og fylgst með því vaxa og dafna á sama tíma og börnin vaxa og dafna.

Þá er rétt að geta þess að gullkorn og listaverk eftir öll leikskólabörnin hanga til sýnis á sýningunni, sem stendur fram á haust.



Útskriftarhópur Lækjarbrekku vorið 2016

### Grilldagur

Grilldagurinn er hátíðisdagur á Lækjarbrekku, þá er vinnu vetrarins fagnað með góðri



Börn blása sápukúlur á grilldeginum

skemmtun. Öllum foreldrum og systkinum er boðið að koma og taka þátt í grilldeginum. Á grilldeginum syngja allir saman bæði stórir og smáir og leikskólabörnin kenna þeim fullorðnu nokkur ný lög sem þau hafa æft yfir vetrinn. Starfsfólk leikskólans setur upp leikrit byggt á sögu sem börnin þekkja (t.d. Geiturnar þrjár eða Grísirnir þrír) og hefur sá gjörningur vakið mikla lukku jafnt hjá börnum sem fullorðnum. Blásið er sápukúlum,

krítað á göngustíga og farið í almenna leiki. Svo er boðið upp á grillaða hamborgara og köku í eftirrétt. Foreldrafélag leikskólans stendur fyrir grilldeginum.

<sup>50</sup> Samband íslenskra sveitarfélaga 2017

## Upplýsingaflæði

Starfsfólk leikskólans reynir eftir fremsta megni að hafa gott upplýsingaflæði. Heimasíða fyrir leikskólann er starfrækt á vef Strandabyggðar. Foreldrar leikskólabarna eru með spjallhóp á Facebook. Tilkynningatöflur hanga uppi í andyri leikskólans á báðum deildum. Tölvupóstar eru reglulega sendir út til að upplýsa foreldra um óhefðbundið leikskólastarf sem kemur til að eiga sér stað á næstunni. Þá er nýbúið að taka upp skráningarforrit sem heitir HuMu, en þar er hægt að skrá ítarlegar upplýsingar fyrir hvert barn s.s. hvað það borðaði, hvenær það sofnaði o.fl. þær upplýsingar eru einungis aðgengilegar foreldrum barnsins.

## Bína – Bínu reglur – sjálfstjórn

Bína Bálreiða er dúkka sem Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur gæddi lífi, í bókum sínum um Bínu. Í bókunum er Bína að læra nokkrar félagslegar leikreglur, sjálfstjórn og mannasiði m.a.: sitja, passa hendur, hlusta, gera til skiptis, muna og bíða. Bína Bálreiða kann ekki reglurnar og fer því að haga sér illa og verður reið.



Bína lærir að passa hendur



Bína lærir að sitja fallega

Hún kann ekki viðeigandi boðskipti og þess vegna líður henni illa. Smátt og smátt lærir Bína reglurnar og hún lærir undirstöðubætti fyrir boðskipti og áttar sig m.a. á mikilvægi þess að hlusta, gera til skiptis, bíða og vera kurteis.<sup>51</sup> Þetta veldur því að Bínu líður mun betur og á auðveldara með að tileinka sér það nám sem fer fram í leikskólanum. Með Bínu reglunum er lagður grunnur að góðum boðskiptum allra barna.

Bínu reglurnar hafa verið notaðar í Lækjarbrekku með börnunum síðustu tvö ár. Börnin eru minnt á að fara eftir Bínu reglunum til þess að styrkja sjálfstjórn, jafnvægi og vellíðan. Myndir af Bínu reglunum eru á hverju matar- og vinnuborði sem börnin sitja við, til að hjálpa þeim að muna eftir reglunum. Einnig hanga plaköt með mynd af Bínu reglunum á veggjum leikskólans til að börnin hafi þær enn frekar fyrir augunum.



Bína lærir að hlusta

<sup>51</sup> Ásthildur Bj. Snorradóttir 2006

Myndrænt skipulag og myndrænar leiðbeiningar  
 Á leikskólanum er notast við myndrænt skipulag. Það er á báðum deildum myndræn dagskrá fyrir daginn og áberandi ör sem bendir á þá mynd sem á við hverju sinni. Myndir af börnunum eru á fatahólfi hvers og eins. Mynd er af því barni sem er þjónn hverju sinni. Þjónninn sækir matarvagninn inn í eldhús fyrir máltíðir og skilar matarvagninum aftur inn í eldhús eftir máltíðir. Þjónninn er einnig veðurfræðingur dagsins, en hann fer út í dyr og athugar



skipulag tengt klæðnaði í útiveru dagsins



Dagskipulag tengt matseðli vikunnar og vikudegi

veðurskilyrði með starfsmanni. Þjónninn/veðurfræðingurinn metur því hvernig veðrið er og hverkonar hlífðarfatnaður er viðeigandi fyrir þau veðurskilyrði. Myndræn lýsing er á veðri dagsins og þeim útifötum sem æskilegt væri að klæðast í samræmi við veður er einnig til staðar. Þá er myndrænn matseðill til staðar og myndræn dagskrá á því hvaða vikudagur er í dag.

Farið er yfir myndræna skipulagið með börnunum á morgnanna, rétt fyrir morgunmat, þannig að þau átti sig enn betur á því til hvers er ætlast af þeim, og hver dagskráin sé.

Ef barn á í sértækum vanda með að átta sig á skipulagi dagsins hefur verið brugðið á það ráð að gera sérstakt einstaklingsmiðað myndrænt skipulag fyrir þann einstakling.

### TMT – Tjáskiptakerfið Tákni með tali

Tákni með tali eða TMT er notað á leikskólanum en innlagning nýrra



krakkar

TMT-tákni fyrir „krakkar“

tákna er ekki reglubundin. Öllum börnum sem koma í leikskólann er úthlutað tákni sem er þeirra séreinkennistákni. TMT er helst notað í söngstundum og í matartímum með börnunum. Tákni sem börnin fá eru sett ásamt nafni á stóla barnanna.



Barn gerir tákni fyrir „brauð“

Einnig eru tákni sett á mynd af barninu ásamt nafni við fatahengi barnssins í fataklefa. Það er mikilvægt að leggja áherslu á rétta skiptingu í atkvæði jafnhliða notkun á Táknum með tali. Tákni með tali er aðferð til að styðja við talmál og er alltaf talað með táknum.

## Daglegt starf á deildum

- Tröllakot
  - \*\* Markviss málörvun – uppbygging málörvunarstunda
  - \*\* Lestur
  - \*\* Hópastarf
  - \*\* Samverustund
  - \*\* Söngstund
  - \*\* Könnunarleikur
- Dvergakot
  - \*\* Markviss málörvun - uppbygging málörvunarstunda
  - \*\* Lestur
  - \*\* Hópastarf
  - \*\* Samverustund
  - \*\* Söngstund

## Starf sérkennslustjórans í leikskólanum

- Næsti yfirmaður sérkennslustjóra er skólastjóri.
- Starfsvið sérkennslustjóra: Hann starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra sem og öðrum lögum er við eiga aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.
- Verkefni sérkennslustjóra : Sérkennslustjóri ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum ásamt deildarstjóra.
- Hann er faglegur umsjónarmaður sérkennslu í leikskólum.
- Ber ábyrgð á miðlun upplýsinga milli annarra sérfræðinga sem að barninu koma og starfsmanna leikskólans. Einnig ber hann ábyrgð á upplýsingargjöf milli gunnskóla og leikskóla.
- Ber ábyrgð á að börnum sem njóta sérkennslu í leikskólanum sé boðið upp á þroskavænleg verkefni sem henta þörfum hvers barns í leik og starfi .
- Hefur yfirumsjón með gerð verkefna og áætlana fyrir börn sem njóta sérkennslu.
- Hefur yfirumsjón með að meðferðar- og kennsluáætlunum annarra sérfræðinga sé



framfylgt, sem og að markmiðarskráning og skráning úr þjálfunartímum sé ávalt skráð. Skrifar umsagnir um barn t.a.m í tengslum við tilvísun til frekari greiningar – sé þess óskað.

#### Foreldrasamstarf:

- Vinnur í nánu samstarfi við foreldra/forráðamenn barna sem njóta sérkennslu í leikskólanum og situr teymisfundi og tekur viðtöl m.a. til að afla bakgrunnsupplýsinga með þeim.
- Veitir foreldrum barna sem njóta sérkennslu stuðning, fræðslu og ráðgjöf.
- Situr foreldrafundi sem haldnir eru á vegum leikskólans.
- Ber að hafa náðið samstarf við skólaljónustu vegna sérkennslu og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum vegna barna sem njóta sérkennslu. Situr fundi þar sem fjallað er um málefni barna sem þurfa sérfræðiaðstoð eða sérkennslu í leikskólum samkvæmt boðun yfirmanns eða hlutaðeigandi aðila.
- Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varða starfsemi leikskólans.
- Sinnir þeim verkefnum er varða sérkennslu sem yfirmaður felur honum.

#### Stuðningsaðilar

Mikilvægt er að mæta þörfum barna sem eiga við hverskonar þroskafrávik, raskanir eða hegðunartengda erfiðleika að etja. Með því að koma strax til móts við barnið og vinna með barninu að styrkleikum þess, öðlast barnið meira sjálfstæði og meiri færni til að takast á við daglegar athafnir. Stuðningur getur verið í formi einstaklingskennslu eða inni á deild í daglegu starfi barnsins, í öllum aðstæðum eða ákveðnum einstökum aðstæðum, allt eftir þörfum barns.

Til að mæta þörfum barnsins þarf barnið oft á tíðum að fylgja einstaklingsnámskrá þar sem markvisst er unnið eftir. Einstaklingsnámskrá þarf að endurskoða reglulega.

#### Einstaklingsnámskrá og einstaklingsþjálfun

Þegar barn með sérþarfir eða aðrar þroskaraskanir kemur í leikskólann þarf að útbúa einstaklingsnámskrá til að mæta þörfum barnins og sinna barninu með einstaklingsþjálfun þegar það á við. Einstaklingsnámskrá er ávalt útbúin í samráði við foreldra og tekið er mið af þroska barnsins. Þegar einstaklingsnámskrá er útbúin eru eftirfarandi þættir hafðir í huga:

- Teymi í kringum barnið

- Heildaraðstæður barnsins
- Mat á styrkleikum/veikleikum nemandans
- Nám og námsaðstæður – einkakennsla/hópkennsla
- Þjálfunarleið sem valin er
- markmiðaskráning
- Viðeigandi námsefni
- Ýtarleg skráning á framvindu og reglulegt endurmat
- Ný markmið sett og unnið að þeim

### Samskipti við foreldra

Samskipti við foreldra eru mikilvægur þáttur í einstaklingsáætlun og þjálfun barns. Mikilvægt er að foreldrar séu ávalt vel upplýstir um þá vinnu sem fram fer með barni þeirra á leikskólanum. Foreldrar eiga ávalt að vera þeir sem taka lokaákvörðun um það að hvaða markmiðum skuli vinna að hverju sinni með barni þeirra. Foreldrar sitja reglulega teymisfundir þar sem farið er yfir málefni barnsins ásamt því starfsfólki leikskólans sem kemur að málefnum barnsins. Oft á tíðum sitja einnig félagsmálastjóri sveitarfélagsins og hjúkrunarfræðingur þessa teymisfundar. Á milli teymisfundar eru foreldrar upplýstir með upplýsingum í gegnum tölvupóstsamskipti. Foreldrar eru ávalt velkomnir að ræða málefni barns síns við starfsfólk sem kemur að þjálfun barnsins á milli þess sem reglulegir teymisfundir eru haldnir.

Ef góð og jákvæð samskipti eru á milli foreldra og starfsfólks leiksskólans þá stuðlar það að meira öryggi hjá foreldrum sem skilar sér í meira öryggi og samhæfðum vinnubrögðum í allri þjónustu við barnið. Fagfólk á að leiðbeina foreldrum og vinna með þeim á jafningjagrundvelli, meðal annars með því að bjóða ekki einungis upp á fyrirfram ákveðin stöðluð úrræði sem gert er ráð fyrir að henti öllum, heldur bjóða upp á þjónustu sem kemur til móts við óskir og þarfir hverrar fjölskyldu. Samvinna fagfólks og fjölskyldu er því grundvallaratriði og hefur áhrif á þroska, heilsu og líðan fatlaðra barna. Unnið er með styrkleika fjölskyldunnar og tekið mið af þeim gildum sem ríkja innan hennar. Allar fjölskyldur hafa styrkleika sem geta þó verið yfirskyggðir af álagi en þá er mikilvægt að veita stuðning í þeim tilgangi að efla fjölskylduna. Sameiginlegt markmið fjölskyldu og fagfólks er því velferð barnsins og fjölskyldunnar í heild.

# Skil á milli skólastiga

## Skil á milli leikskóla

Mikilvægt er að allar upplýsingar um greiningar, skimanir, einstaklingsáætlanir, upplýsingar um líðan og þess háttar, fylgi barninu ef það fer yfir á annan leikskóla. Það sparar heilmikla vinnu fyrir starfsfólk og veitir því aðstoð til að geta tekið á móti barninu á sem bestan hátt. Þar af leiðandi verður barnið öruggara og sáttara við flutning á milli staða. Einnig aukast líkurnar á því að barnið fái kennslu og þjónustu við hæfi í nýjum leikskóla.

## Skil frá leikskóla til grunnskóla

Afar mikilvægt er að börnin fái góðar móttökur þegar komið er upp í grunnskóla. Deildarstjóri ásamt leikskólalastjóra/sérkennslustjóra fara á fund með kennara 1.bekkjar, sérkennurum og



5 ára hópur Lækjarbrekku í grunnskólaheimsókn

skólalastjóra og farið yfir niðurstöður skimana/prófana sem börnin hafa farið í.

Í undirbúningi fyrir grunnskóla fara elstu börn leikskólans í amk. 30 kennslustundir í grunnskólann með sínum deildarstjóra frá leikskólanum, stundunum er skipt í þrjár lotur. Fyrsta lotan er 7 dagar, 1 – 2 kennslustundir í senn, þar hitta þau tilvonandi umsjónakennara sinn og vinna verkefni

með honum. Önnur lota er 3 dagar og 3

kennslustundir með umsjónarkennara og nemendum 1 og 2. bekkjar. Í þriðju lotu eru börnin allan skóladaginn í grunnskólanum í 2 daga, 6 klst. hvort skipti.

Þetta fyrirkomulag hefur gengið mjög vel og hjálpar börnunum heilmikið við þessa færslu á milli skólastiga.

## Óhefðbundnar kennsluáferðir

Óhefðbundnar kennsluáferðir eru hverskyns áferðir sem notaðar eru með tvítyngdum/fjöldtyngdum börnum eða börnum með sérþarfir. Nokkrar áferðir eru notaðar hér á landi. Eins er það einstaklingsbundið hversu ítarlega þarf að fylgja óhefðbundnum áferðum eftir með hverju barni.

Öll börn eiga rétt á því að læra, hvert á sinn hátt og fyrir það barn sem ekki getur fylgt aðalnámsskrá, þá er reynt eftir fremsta megni að kenna barninu þá hluti með óhefðbundum kennsluaðferðum. Námsefnið er því lagað að barninu og þörfum þess.

## Kennsluaðferðir fyrir börn með frávík

Þær óhefðbundnu tjáskiptaleiðir sem hafa verið í notkun í leikskólanum Lækjarbrekku eru TMT (tákn með tali) og PECS-myndræna boðskiptakerfið. Auk þess er sjónrænt skipulag notað til að auðvelda börnum að átta sig á daglegri rútnu og verkefnum.

Einnig er notast við atferlisþjálfun sem heildstæða þjálfunaraðferð hjá börnum með miklar þroskakerðingar.

### Tákn með tali

Tákn með tali er tjáskiptaleið sem notuð er m.a með börnum. Hún er ætluð til að styðja við, og efla talmál. TMT er sambland af táknum, látbragði, svipbrigðum og tali. Táknin eru notuð



leika



læra

TMT-tákn

þessarar setningar. TMT á alltaf að nota með talmáli.<sup>52</sup> Öll börn á

með talinu. Í stuttum setningum er eitt tákn notað til að undirstrika aðalmerkingu setningarinnar. (dæmi: Barnið segir „ég vil mjólk“ þá gerir barnið tákn fyrir *mjólk*, því *mjólk* er aðalatriði



Verið að biðja um „mjólk“

leikskólanum Lækjarbrekku fá sitt eigið tákn þegar þau hefja nám í leikskólanum.

### PECS – (picture exchange communication sistem)

PECS er boðskiptakerfi fyrir börn/einstaklinga með skerta getu til að nota talmál til að tjá sig. Í upphafi þjálfunar er ekki krafist neinnar undirstöðufærni hjá barninu en með þessari þjálfun er lögð áhersla á þjálfun frumkvæðis til boðskipta. Í PECS þjálfun eru myndir eða önnur tákn notuð til að þjálfva virk boðskipti. Barninu er hjálpað að nota myndirnar til að fá hlut sem það vill fá. Ef barnið vill mjólk að drekka, þá réttir það starfsmanni að fyrri bragði mynd af

<sup>52</sup> Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal. 1998

mjólk/tákni fyrir mjólk og fær mjólk í staðin. Með aukinni þjálfun getur barnið/einstaklingurinn farið að biðja um flóknari hluti eða aðgerðir.



PECS mappa barns á leikskólanum

Myndirnar eru ávalt aðgengilegar barninu, þar sem þær eru í staðinn fyrir orð barnsins. Með rétttri þjálfun getur barnið myndað setningar og komið skoðunum sínum á framfæri með góðu móti. PECS hjálpar barninu að gera sig skiljanlegt og hver sem er getur skilið barnið þar sem myndirnar eru auðþekkjanlegar. Með því að nota

PECS aukum við öryggi barnsins og barnið verður í betra jafnvægi þar sem það hefur leið til að tjá sig.<sup>53</sup>

### Sjónrænt skipulag

TEACCH gengur stundum undir nafninu „skipulögð kennsla“. Sjónrænt skipulag er einn þáttur úr þjálfunarleiðinni TEACCH (Treatment and Education of Autistic and Related Communication Handicapped Children). Með sjónrænu skipulagi eru reglur og dagskrá dagsins/vikunnar útlistuð með myndum sem auðvelda barni að átta sig á því sem verið er að óska eftir frá þeim.

Það hefur verið sýnt fram á að fyrir suma einstaklinga eru myndrænar reglur áhrifameiri en töluð orð, þá sér í lagi hjá börnum með ADHD, alvarlega málhömlun eða einhverfurófsröskun. Töluðu orðin eiga það til að hverfa um leið og þau

hafa verið sögð en myndræna vísbendingin er enn til staðar og verður uns viðkomandi athöfn klárast og hjálpar viðkomandi að átta sig á því hvað er ætlast til af þeim.

Mikilvægt er að nota sjónrænt skipulag í einstaklingsmiðaðri þjálfun og nota myndir og þjálfunaratriði út frá styrkleikum/veikleikum og stöðu barns í þroska.



Myndrænt dagskipulag á leikskólanum

<sup>53</sup>Guðný Stefánsdóttir. 2014

Fyrir sum börn dugar að hafa heildræna myndræna dagskrá, en fyrir önnur börn þarf að búta verkefnið niður í smærri myndrænar einingar og allt er það gert út frá getu barns. Gott er að leikskóli og heimili sameinist um að vinna að heildstæðu sjónrænu skipulagi fyrir barnið. Með því móti er barnið öruggara í aðstæðum sínum þar sem aðferðir eru samskonar bæði í leikskólanum og heima fyrir.<sup>54</sup>

### Heildstæð atferlisþjálfun

Atferlisþjálfun er önnur viðurkenndra þjálfunarleiða sem Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins samþykkir. Atferlisþjálfun er markviss og árangursrík leið til að hafa áhrif á hegðun ásamt því að byggja upp margvíslega færni hjá börnum. Að nota atferlisþjálfun með börnum með einhverfu reynist oft á tíðum mjög vel.

Í atferlisþjálfun geta markmiðasetningar og einstaklingsnámsskrár verið ansi ítarlegar

og auðvelt er að halda utan um framfarir hjá barninu með öflugu skráningarkerfi. Unnið er að markmiðum í samráði við foreldra. Yfirleitt er unnið eftir markmiðasetningu og skráningarkerfi út frá ABLLS-R matslistanum. Sá matslisti metur hegðun, virkni, þekkingu, þroska og getu út frá fjórum megin þeimum. Innan hvers þema er markmiðum vel skipt niður í smærri viðfangsefni. Listinn tekur mið af almennri getu einstaklings til að læra með eftirhermu,

Markmiðaskráning ABLLS-R matslistans

bóknámshæfileika svo sem stærðfræði og lestur, félagsþroska og hreyfiþroska. Í upphafi eru valin fá, en raunhæf markmið og þeim er fylgt eftir með öflugu skráningarkerfi. Hægt er að skrá hvort hluti markmiðs eða allt markmið hafi náðst. Litað er inn í skráningartöflur með einum lit, við endurmat er litað með öðrum lit og þá sést greinilega hverjar framfarir hvers markmiðs fyrir sig eru. Mikilvægt er þó að taka mið af styrkleikum barnsins og áhugasviði þess þegar valin eru markmið.

Atferlisþjálfun er bein kennsla. Yfirleitt eru athafnir og leikir brotin niður í lítil skref, sem eru kennd á kerfisbundin hátt og smátt og smátt eru þau tengd saman í lengri og flóknari athafnir.

<sup>54</sup>Jarþrúður Þórhallsdóttir. 2006

Atferlisþjálfun snýst að miklu leiti um að hrósa og styrkja rétta hegðun. Ekki er refsað fyrir mistök, einungis hrósað fyrir rétta hegðun.

Hrós og styrkir geta verið eins mismunandi og börnin eru mörg. Sumum börnum nægir



*Barn í atferlisþjálfun á Lækjarbrekku*

að láta blása sápukúlur fyrir sig á meðan að önnur börn fá umbun í formi leikja í Ipad og allt þar á milli. Mikilvægt er að byrja á því að finna góða styrki til að geta umbunað vel í upphafi þjálfunar. Þannig lærir barnið að ef það gerir rétt þá fær það eftirsóknarverð verðlaun.

Mikilvægt er að hafa öll fyrirmæli einföld og skýr.

Þegar verið er að vinna með eftirhermu grófhreyfinga þá er hægt að segja „gerðu svona“ og svo sýnt hvað á að gera (t.d. klappa einu sinni) Ef barn skilur ekki hvað það á að gera, þá þarf oft að stýra þeim af stað. Þá getur verið gott að hafa tvo þjálfva í upphafi, annan til að sýna og stýra fyrirmælum, hinn til að grípa strax inn í aðstæður og stýra barninu í að gera rétt (hinn þjálfinn tekur þá strax eftir fyrirmælin í hendurnar á barninu og lætur þær klappa) smátt og smátt er svo dregið úr stýringunni þangað til barnið er farið að herma eftir.

Þegar barn hefur náð ákveðinni færni í þjálfun þá er næsta skref að yfirfæra færni í aðrar aðstæður, eins og inn á deild í leik með börnunum, eða inn á heimili þess.<sup>55</sup> Barnið er þá fært inn í þær aðstæður til að víkka færni þess enn frekar og unnið er að markmiðunum með barninu í breyttum aðstæðum. smátt og smátt er dregið úr stýringu barnsins, þar til það hefur náð að klára markmið sín í hinum breyttu aðstæðum.

---

<sup>55</sup> Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins.

# Eftirtaldir aðilar komu að þessu þróunarverkefni fyrir hönd Lækjarbrekku:



**Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir, leikskólastjóri**



**Verkefnastjóri þróunarverkefnis: Ásthildur Bj. Snorradóttir,  
talmeinafræðingur**



**Barbara Guðbjartsdóttir. Sérkennslustjóri**



**Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir, leikskólastjóri**



**Hjördís Inga Hjörleifsdóttir, sérkennslustjóri**





**Ábyrgðarmaður:** Þórdís Hauksdóttir, fræðslustjóri í Austur  
Húnavatnssýslu

**Ábyrgðarmaður:** Guðrún Lára Magnúsdóttir, leikskólastjóri á Ásgarði á Hvammstanga og  
Borðeyri.

# Heimildaskrá

- Aðalnámskrá Leikskóla. (2011). Reykjavík, Menntamálaráðuneyti.
- Aliza Ali, Zahara Aziz og Rhohaty Majzub. (2011). *Teaching and learning reading through play*. University Kebangsaan, Malaysia.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2011). Leikur og læsi í leikskólum. *Netla- veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/005.pdf>
- Ásthildur Bj. Snorraddóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir, og Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Höfundar: Akranesi.
- Ásthildur Bj. Snorraddóttir. (2004). Að ná árangri í málörvun. *Talfræðingurinn* 18,1:34-36.
- Bee, Hellen. (1997). *The Developing Child*. 9. útgáfa. New York, Harper Collins College Publishers
- Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal. (1998). *Tákn með tali orðabók*. Námsgagnastofnun.
- Christophersen, E.R., og Mortweet, S.L. (2004). *Uppeldisbókin*. Gyða Haraldsdóttir og Matthías Kristiansen þýddu. Reykjavík: Skrudda.
- Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (1997). *Smábarnalistinn*. Handbók 1. útg. Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (1997). *Íslenski þroskalistinn (1. útg.)*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis og menntamála
- Elín Þöll Þórðardóttir. (1998). *Orðaskil. Málþroskapróf (Stytttri útgáfa)*. Reykjavík: Framsaga.
- Erna Árnadóttir. (1995). Viltu lesa fyrir mig. *Skíma* 18,1:48-51.
- Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbein*. Reykjavík: Mál og Menning.
- Guðjón E. Ólafsson. (2005). *Könnun Gerd Strand – Mat á stöðu 4 ára nemanda* (ljósrit) sótt af <http://dalur.kopavogur.is/um-skolann/athuganir/gerd-strand/>
- Guðný Stefánsdóttir. (2014). PECS. Sótt af <http://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/pecs-myndraent-bodskiptakerfi>
- Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. (e.d.). Atferlisþjálfun (Hagnýt atferlisgreining). Sótt af <http://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/atferlisthjalfun>
- Hallen, Dag og Oddbjørn Evenshaug. (1993). *Barn á þroskabraut*. Jón Ragnarsson, Magnús Erlingsson og Gunnar Finnbogason þýddu. Skálholt, Skálholtsútgáfan.
- Hammill, Donald D. og Phyllis. Newcomer L. (1998). *TOLD-2P-málþroskapróf*, Ingibjörg Símonardóttir og Einar Guðmundsson þýddu 1996. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/187>

- Heilsugæslan. (e.d.). Ung- og smábarnavernd – leiðbeiningar. sótt af <https://www.heilsugaeslan.is/kennsla-verklag-visindi/leidbeiningar/ung-og-smabarnavernd-leidbeiningar/>
- Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. (1999). *Markviss málörvun – þjálfun hljóðkerfisvitundar*, Reykjavík. 2.útg. Ritstj. Ingólfur Steinsson. Námsgagnastofnun.
- Helga Sigurmundardóttir. (e.d.). Lesvefurinn um læsi og lestrarörðugleika. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/191>
- Holzman, Lois. (2008). *Vygotsky at work and play*. Routledge, New York
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). Málþroski leikskólabarna: Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjöggra og fimm ára aldurs. *Netla- Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/007.phf>
- Hrafnhildur Sigurðardóttir. (1996). Mál og málörvun. *Talfræðingurinn*. 13,1:8-10
- Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2002). Hljóm-2 möppu.
- Íslenski TRAS hópurinn. (2013). *TRAS: Skráning á málþroska ungra barna*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Jarþrúður Þórhallsdóttir. (2006). *Að gera lífið skiljanlegra fyrir börn með ADHD – með sjónrænu skipulagi*. Sótt af [https://www.adhd.is/static/files/greinasafn/frettabref\\_greinar/2006/adgerlifid.pdf](https://www.adhd.is/static/files/greinasafn/frettabref_greinar/2006/adgerlifid.pdf)
- Kassow, Danielle Z. (2006). *Parent-Child shared book reading. Quality versus quantity of reading interactions between parents and young child*. Talaris Research institute.
- Landvernd.is. (e.d.). Sótt af <http://graenfaninn.landvernd.is/>
- Lantz, C og Melén, K. (1992). *Finmotorisk utvecklingsstatus 1-7 år*. Stockholm: Omsorgnämnden.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008
- Phelan, Thomas. (2008). *Töfrar 1-2-3 agi í lagi 2ja – 12 ára*. Reykjavík, Salka. Útg. 3. Ritstj. Hildur Þormóðsdóttir ( fyrst gefin út á Íslandi 2002 í 3 útg.)
- Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009
- Samband íslenskra sveitarfélaga. 2017. Dagur leikskólans. Sótt af <http://www.samband.is/vidburdir/2017/02/07/eventnr/962>
- SOS barnaþorpin. (2016). Sólblómaleikskólar. Sótt af <http://www.sos.is/skolamal/solblomaleikskolar>
- Trappa.is. (2016). Fjarþjálfun sótt af <https://trappa.is/teletherapy>
- Valdís B. Guðjónsdóttir. (2007). Aðferðir til þess að örva málþroska hjá börnum. *Talfræðingurinn*. 20,1:8-9

# **Viðaukar**



## **Þagnarheit**

Ég undirritaður starfsmaður leikskólans Lækjarbrekku Hólmavík, heiti því að fara með alla þá vitneskju sem ég öðlast um börnin og aðstandendur þeirra sem algjört trúnaðarmál.

Trúnaðarbrestur getur leitt til uppsagnar.

Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Hólmavík \_\_\_\_\_

---

Undirskrift starfsmanns

## Hljóm-2 niðurstaða

Nafn: [REDACTED]

Fæðingardagur: 28 maí 2011

Deild: Dvergakot

Deildarstjóri: Brynja Rós Guðlaugsdóttir

Prófandi (starfsheiti): Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir, leikskólakennari

Á haustin er HLJÓM-2 lagt fyrir elstu börnin, en það er íslenskt aldursbundið próftæki (skimun) í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) elstu barnanna í leikskólanum og er eftir Ingibjörgu Símonardóttur, talmeinafræðing, Jóhönnu Einarasdóttur, talmeinafræðing og Dr. Amalíu Björnsdóttur, dósent. HLJÓM-2 er byggt á rannsóknum sem stóðu yfir í 5 ár og benda niðurstöður til að strax í leikskóla fáist vísbendingar um hvernig lestrarnám muni ganga. HLJÓM-2 byggist á sjö mismunandi verkefnum sem lögð eru fyrir elsta árgang barna í leikskólum að hausti. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi, er heimilt að leggja prófið fyrir. Niðurstöðurnar eru marktækar vísbendingar um hvaða börn eru í áhættu fyrir síðari lestrarörðugleika og mikilvægar til þess að hægt sé að vinna markvisst með þá þætti sem hugsanlega liggja ekki vel fyrir börnunum, þennan síðasta vetur þeirra í leikskólanum. Þættirnir (leikirnir) sem lagðir eru fyrir tengjast: Rími, samstöfum, hljóðgreiningu, samsettum orðum, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Fyrirlögnin tekur u.þ.b. 20-30 mínútur, með hvert barn.

Lagt var fyrir [REDACTED] HLJÓM-2 14.ágúst 2006

[REDACTED] kom út með meðalfærni. [REDACTED] kom út með slaka færni í samstöfum annars meðal færni í öðrum þáttum.

Rím:

Barnið á að benda á mynd sem rímar við orðið sem prófandi nefnir. Hér er ekki þörf á að barnið segi orðið heldur nægir að benda á viðkomandi mynd.

Hægt er að þjálfá þennan þátt málsins með því að finna leiki sem reyna á tilfinningu fyrir hrynjanda málsins og byggður upp orðaforði um leið og leikið er með rímsögur og þulur og þetta tengt alls konar hreyfileykjum og hljóðgjöfum. Hægt er að spyrja barnið spurninga á borð við :

Hvað er uppi á höfði þínu sem rímar við sár? Ari er smár en Óli er...? klár, hár o.s.frv.

Samstöfur:

Í þessum þætti er ætlast til að barnið klappi atkvæði í orðum. Hægt verður að þjálfá barnið á leikskólanum t.d. í samverustundum.

Samsett orð:

Barnið á að setja saman tvö orð oftast nafnorð. Góð æfing er að gefa barninu fyrri hluta orðs og fá það til að botna. Dæmi: fót..... barnið botnar....bolti. snjó.....barnið botnar.....hús, þota, karl...o.s.frv.

Mikilvægt er að fá barnið til að velta innihaldi orða fyrir sér. Dæmi: Af hverju heitir sandkassi sandkassi? Af hverju heitir leikskóli leikskóli?

Einnig er gaman að leika sér að því að víxla orðum í samtengingum. Barnið lærir sum orð er hægt að segja á tvo vegu, en önnur ekki af því að orðin sem verða til eru ekki til í tungumálinu. Orðið kertaljós er til en ekki ljóskerti. Aftur á móti er bæði hægt að tala um blómapott og pottablóm.

Margræð orð:

Barninu eru sýndar myndir af fjórum hlutum og það beðið um að benda á tvær myndir sem nota sama orðið þótt þær tákni mismunandi hluti. Dæmi: Sjáðu, á þessum myndum eru pera, belti, pakki og ljósa-pera. Hvaða tvær myndir nota sama orðið þótt þær tákni mismunandi hluti?

Hægt er að þjálfá þessa færni með orðaleikjum/leikjaprautum sem reyna á að barnið noti ályktunarhæfni og rökvísi til að komast að rétttri niðurstöðu. Dæmi: Ég er dýr sem heiti alveg eins og hluturinn sem maður ýtir á til að komast inn í hús (bjalla). Eins má nota leikræna tjáningu. Ég er hár (á höfði eða langur).

Orðhlutaeyðing:

Barnið á að greina tvo merkingarbæra orðhluta. Þarna reynir ekki bara á hljóðkerfisvitund og tilfinningu fyrir formi málsins, heldur einnig á aðra þætti málmeðvitundar, s.s. orðaforða, heyrnrænt minni, málfræðivitund, merkingarfræðivitund og ályktunarhæfni. Góður orðaforði og gott skammtímaminni hjálpar líka. Bæði þessi þáttur og samsett orð reyna á hvort barnið áttar sig á aðalatriðum innan orðs, þ.e. merkingarbæru orðhlutunum. Góð færni á þessum þætti virðist líka skipta máli fyrir síðari lestrartileinkunn.

Hægt er að þjálfá þennan þátt með því að nota sjónrænar tengingar eins og kubba eða myndir. Það auðveldar barninu að skilja hvernig orðin eru aðskilin. Gæta þarf þess þá að kubburinn eða myndin sem tákna fyrri hluta séu réttu megin miðað við lesátt. Dæmi : Hvað verður eftir þegar þú tekur loft burt af loftljós? Hvaða orð verður eftir ef þú tekur burt kakó af kakómjólki?

Hljóðtenging:

Í þættinum hljóðtenging á barnið að greina hljóð að í orði. Í þessum þætti á það að hljóða saman tvö til þrjú hljóð í orð. Dæmi: /a/-/r/-/i/ = Ari. Í leikjum til að þjálfá þessa færni sem og í færni í að greina að hljóð í orði er mikilvægt að ýkja hljóðin og reyna að gera myndunarstaðinn sem sýnilegastan (sbr. /T/. /k/ o.fl.). Sögð eru hljóðin í orðinu með u.þ.b. 1.sekúndu bili og barnið giskar á hvað verið er að segja. Dæmi: /Ó/-/s/-/k/ = Ósk.

Ef foreldrar hafa einhverjar spurningar í þessu sambandi er sjálfsagt að hafa samband við mig hér í leikskólanum, í síma eða með netpósti.

Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir

Leikskólastjóri

[leikskolastjori@strandabyggd.is](mailto:leikskolastjori@strandabyggd.is) / [adalbjorg@strandabyggd.is](mailto:adalbjorg@strandabyggd.is)

s. 451-3411

## Einstaklingsnámskrá

Almennar upplýsingar:

Styrkleikar:

Veikleikar:

Markmið:

Leiðir að markmiði:

Framkvæmd áætlunar:

Dags.	Hvað var gert? Hvernig gekk?

Tímamörk fyrir markmið:

Mat (á því hvort að markmiði var náð eða ekki)

Undirskrift foreldra

---

---



## **Gerd Strand – huglægur matslisti**

### **Skil til foreldra**

Matslisti sem ætlaður er til að fá skýrari mynd af stöðu 4 ára í eftirfarandi færniþáttum, gróf- og fínhreyfingar, hegðun, mál og tal, virkni, samskipti og þekking, þættir sem hafa áhrif á gengi nemenda í leikskólanámi. Listinn gefur vísbendingar um hvort að þörf sé á frekari athugunum.

Niðurstöður eru settar upp í línurit og kemur þá í ljós að seinfær, misþroska eða ofvirk börn hafa fengið háar sveiflur í minnst þremur þáttum sem athugaðir eru, „normal“ barn getur fengið háa kúrfu á einhverjum þáttanna en sveiflurnar eru færri og minni.

Notkun matslistans er aðeins heimiluð fyrir þá er sótt hafa námskeið í notkun hans.

Nafn barns:

Niðurstaða:

Úrræði:

## **Móttökusamtal**

### **Upplýsinga aflað við upphaf leikskólagöngu**

Áður en aðlögun barnsins hefst eru foreldrar/forráðamenn boðaðir í móttökusamtal hjá deildarstjóra viðeigandi deildar og leikskólastjóra eða sérkennslustjóra. Tilgangur samtalsins er m.a. að fá upplýsingar um barnið, fjölskyldusögu, matarvenjur, trúarbrögð og málþroska og kynna starfsemi leikskólans fyrir foreldrum. Upplýsingarnar eru síðan nýttar til undirbúnings fyrir komu barnsins svo mögulegt sé að gera viðeigandi ráðstafanir til að gera aðlögunina sem auðveldasta/besta. Gott er að það sé komið á hreint í þessu samtali hvaða starfsmaður sér um aðlögun barnsins og það sé rætt við foreldra.

Foreldrar fá einnig kynningu á þeim skimunum og prófunum sem gerðar eru á leikskólanum og upplýsingar um hvernig skil á niðurstöðum fara fram þegar þar að kemur. Að auki erum þeim veittar upplýsingar um þá sérfræðiþjónustu sem mögulegt er að fá hjá leikskólanum t.d. talmeinafræðinga og sálfræðinga.

Mikilvægt er að upplýsa foreldra vel um hvernig sé hægt að hafa samband við starfsfólk leikskólans og útskýra mikilvægi samvinnu og góðra samskipta milli leikskóla og heimilis.

Leikskólinn Lækjarbrekka

s. 451-3411

Tölvupóstfang leikskólastjóra: [leikskolastjori@strandabyggd.is](mailto:leikskolastjori@strandabyggd.is)

Tölvupóstfang sérkennslustjóra: [serkennsla-lsk@strandabyggd.is](mailto:serkennsla-lsk@strandabyggd.is)

## Móttökusamtal

Nafn barnsins:	Kennitala:
Gælunafn/ hvað á að kalla barnið?:	
Heimilisfang:	
Þjóðerni barnsins:	
Tungumál barnsins:	
Dvalartími barnsins:	
Aðrar upplýsingar tengdar þjóðerni, búsetu, trúarbrögðum eða tungumáli:	
Forráðamaður 1:	
Menntun:	
Vinnustaður:	
Forráðamaður 2:	
Menntun:	
Vinnustaður:	
Er íslenska móðurmál fjölskyldunnar eða eru önnur tungumál töluð á heimilinu?	
Á barnið systkini? Nöfn og aldur þeirra:	
Forræði/skipulag umgengisréttar:	

Hefur barnið verið áður í leikskóla? Upplýsingar um fyrri leikskólagöngu:
Hvernig er skaplyndi barnsins?
Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera?
Á barnið einhverja tengingu við starfsfólk eða aðra nemendur á leikskólanum?
Hefur barnið farið í 18 mánaða skoðun?
Hefur barnið farið í 2 og ½ árs skoðun?
Sjúkdómasaga:
Ofnæmi:
Astmi?
Tíðar eyrnabólgur? Er barn með rör?
Hefur barnið farið í heyrnarmælingu?
Hefur barnið farið í sjónmælingu hjá augnlækni?
Hefur barnið farið til tannlæknis?

Matarvenjur barnsins:
Má barnið borða allan mat?
Er barnið á sérþæði?
Hver er upphaldsmatur barnsins?
Notar barnið bleiu?
Sefur barnið á daginn? Ef já, hversu lengi?
Sefur barnið innandyra eða í vagni?
Hvernig gengur að koma barninu í svefn?
Notar barnið snuð? Eða annað til huggunar t.d. tuskudýr?

Þessi móttökuáætlun er byggð á áætlun leikskólans Norðurbergs Hafnarfirði.

### 10.3 Mikilvægar bakgrunnsupplýsingar tví- eða fjöltyngdra barna.

Nafn barns: \_\_\_\_\_ kt.: \_\_\_\_\_

Fyllt út af: \_\_\_\_\_ Dags.: \_\_\_\_\_

Um barnið	
Er barnið fætt á Íslandi?	
Hvaða tungumál eru töluð á heimilinu?	
Hvert er móðurmál barnsins?	
Tala foreldrar sitt móðurmál við barnið?	
Er barnið í íslenskum leikskóla? (lengd dvalartíma)	
Hefur barnið tök á því að dveljast í íslensku málumhverfi fyrir utan skóla?	
Hafa greinst málþroskafrávik eða lestrarörðugleikar í fjölskyldunni?	
Á barnið í erfiðleikum með málskilning eða máltjáningu á eigin tungumáli?	
Hefur barnið greinst með heyrnarskerðingu?	
Er barnið með lítinn orðaforða miðað við jafnaldra á eigin tungumáli?	
Er barnið með mikil framburðarfrávik á eigin tungumáli?	
Hafa foreldrar áhyggjur af málþroska barnsins?	
Finnst barninu gaman að láta lesa fyrir sig?	
Var meðganga og fæðing eðlileg?	
Annað sem foreldrar/forráðmenn vilja taka fram:	

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

## Dagskipulag Tröllakots. (1.- 3. ára)

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
7:45	Leikskólinn opnar Róleg stund	Leikskólinn opnar Róleg stund	Leikskólinn opnar Róleg stund	Leikskólinn opnar Róleg stund	Leikskólinn opnar Róleg stund
8:30	<b>Morgunmatur</b>	<b>Morgunmatur</b>	<b>Morgunmatur</b>	<b>Morgunmatur</b>	<b>Morgunmatur</b>
9:00	Söngstund	Söngstund	Söngstund	Söngstund	Sameiginleg söngstund
9:10	Íþróttahús / hópastarf	Hópastarf	Hópastarf	Hópastarf	Leikstund allir saman
9:50	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund
10:00 11:00	<b>Útivera /frjáls leikur</b>	<b>Útivera / frjáls leikur</b>	<b>Útivera / frjáls leikur</b>	<b>Útivera /frjáls leikur</b>	<b>Róleg stund</b>
	Bleiuskipti Klósettferðir	Bleiuskipti Klósettferðir	Bleiuskipti Klósettferðir	Bleiuskipti Klósettferðir	Bleiuskipti Klósettferðir
	<b>Málörvun</b>	<b>Málörvun</b>	<b>Málörvun</b>	<b>Málörvun</b>	<b>Málörvun</b>
11:30 12:00	<b>Hádegismatur</b>	<b>Hádegismatur</b>	<b>Hádegismatur</b>	<b>Hádegismatur</b>	<b>Hádegismatur</b>
12:00	Hvíld	Hvíld	Hvíld	Hvíld	Hvíld
12:30 13:30	Rólegur leikur	Rólegur leikur	Rólegur leikur	Rólegur leikur	Rólegur leikur
13:30 14:30	<b>Frjáls leikur</b>	<b>Frjáls leikur</b>	<b>Frjáls leikur</b>	<b>Frjáls leikur</b>	<b>Frjáls leikur</b>
14:30	<b>Nónhressing</b>	<b>Nónhressing</b>	<b>Nónhressing</b>	<b>Nónhressing</b>	<b>Nónhressing</b>
	Bleiuskipti	Bleiuskipti	Bleiuskipti	Bleiuskipti	Bleiuskipti
15:00 16:00	Útivera Frjáls leikur	Útivera Frjáls leikur	Útivera Frjáls leikur	Útivera Frjáls leikur	Útivera Frjáls leikur
16:15	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar

## Dagskipulag- Dvergakots ( 3. – 6. ára)

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
7:45	Leikskólinn opnar Róleg stund	Leikskólinn opnar Róleg stund	Leikskólinn opnar Róleg stund	Leikskólinn opnar Róleg stund	Leikskólinn opnar Róleg stund
8:30	<b>Morgunmatur</b>	<b>Morgunmatur</b>	<b>Morgunmatur</b>	<b>Morgunmatur</b>	<b>Morgunmatur</b>
9:00 10:00	Íþróttahús frá 9:00-10:00 yngstu nem.  Hópur 2 og 3 Hópastarf + lestur og ávaxtastund	Íþróttahús frá 9:00-10:00 eldri nem. Hópur 1 Hópastarf + lestur og ávaxtastund	Hópur 3, 2 og 1 Hópastarf + lestur og ávaxtastund	Hópur 3, 2 og 1 Hópastarf +lestur og ávaxtastund	Sameiginleg söngstund Frjáls leikur á milli deilda
10:00 11:00	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	<b>Leikur / Dans</b>
11:00 11:30	klósettferðir Söngstund	klósettferðir Söngstund	klósettferðir Söngstund	klósettferðir Söngstund	Klósettferðir Bækur/sögur
11:30 12:00	<b>Hádegismatur</b>	<b>Hádegismatur</b>	<b>Hádegismatur</b>	<b>Hádegismatur</b>	<b>Hádegismatur</b>
12:00 12:30	Hvíld / Róleg stund	Hvíld / Róleg stund	Hvíld / Róleg stund	Hvíld / Róleg stund	Hvíld / Róleg stund
12:30 14:00	Frjáls leikur	Frjáls leikur	<b>Val / leikur</b>	Frjáls leikur	Frjáls leikur
14:00 14:30	Samvera (markviss málörvun/lestur.)	Samvera (markviss málörvun/lestur)		Samvera (markviss málörvun/lestur)	Samvera (marviss málörvun/lestur.)
14:30	<b>Nónhressing</b>	<b>Nónhressing</b>	<b>Nónhressing</b>	<b>Nónhressing</b>	<b>Nónhressing</b>
15:00 16:00	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera
16:15	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar

**Frjáls leikur:** Starfsfólk er með nem. og fylgjast með leik, leiðbeina, grýpa inn í ef þurfa þykir og taka þátt.

**Ekki má** skilja nem. eina eftir (t.d í Álfakoti) nema láta annan starfsmann vita. Starfsmenn láta vita ef þeir fara út af deildinni. Samvera skiptist á milli starfsfólks deildarinnar eftir hádegi.

Ekki senda börn frá matborði inn í hvíld eða að þvo sér eftir mat fyrr en þið getið farið með þeim sjálf



# Umgjörð um hópastarf

Hópastarf hefst kl. 09:00

Hópurinn boðinn velkominn

Farið yfir skipulag tímans  
með myndum

(Sjónrænt skipulag)

Bínu reglur rifjaðar upp

Verkefni dagsins

Hópastarfið rifjað upp með  
börnunum.

(Hvað var gert? Hvernig gekk? Hvað fannst þeim um  
verkefni dagsins?)

Tímanum lokið með formlegum  
hætti. Kennari og börn þakka  
hvert öðru fyrir samveruna

# Umgjörð um málörvunarstund

Málörvunarstund hefst kl. 14:00

Hópurinn boðinn velkominn

Farið yfir skipulag tímans  
með myndum  
(Sjónrænt skipulag)

Bínu reglur rifjaðar upp

Verkefni tímans unnin

Málörvunarstundin rifjuð  
upp með börnunum  
(Hvað var gert? Hvernig gekk? Hvað fannst þeim um  
verkefni dagsins?)

Tímanum lokið með  
formlegum hætti. Kennari  
og börn þakka hvert öðru  
fyrir samveruna

Hópstjóri málörvunarhóps	Dags.
Hópur	

Verkefni- Málörvun:

- Orðaforði
- Hljóðkverfisvitund
- Setningafræði
- Málfræði
- Almennur málskilningur
- Heyrnarminni
- Boðskipti
- Tölur og tákni

Hvað er gert (kennslugögn og aðferð):

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Hvernig gekk:

---

---

---

---

---

---

---

---

Athugasemdir:

---

---


---

---

## Flokkun á málörvunarefni



Setningarfræði



Málfræði




Heyrnarminni




Hljóðkerfisvitund




Orðaforði



Almennur málskilningur



Tölur og tákni



Boðskipti

**Setningarfræði:** Setningaupbygging byggir á málfræðireglum sem segja til um hvernig orð eiga að raðast upp í setningar. Öll tungumál byggja á málfræðireglum, sem gera fólki mögulegt að tjá sig í setningum.

**Málfræði:** Málfræði er samansafn af reglum sem einkenna hefðbundna málnotkun. Miðtaugakerfið býr yfir miklum upplýsingum um þessar reglur og við notum þær upplýsingar þegar við myndum setningar.

**Heyrnarminni:** Að tileinka sér, geyma og geta kallað fram heyrnrænt hljóðmynstur (oftast í réttri röð), bæði úr langtíma- og skammtímaminni. Þetta felur m.a. í sér að geta endurtekið orð og farið eftir fyrirmælum.

**Hljóðkerfisvitund:** Hljóðkerfisvitund er hæfileikinn til þess að geta hugsað og talað um málhljóð og hljóðkerfi málsins. Hér má t.d. nefna að geta klappað atkvæði, rímað og fundið fyrsta hljóð orða.

**Orðaforði:** Orðaforði eru öll þau orð sem við notum í tungumálinu til þess að sýna hugtakabekkingu. Orðaforði þróast fyrst út frá barninu sjálfu með því að það lærir að þekkja helstu líkamshluta, nánustu fjölskyldu, tilfinningar og hluti úr nánasta umhverfi.

**Almennur málskilningur:** Málskilningur byggist á almennri málfærni og málþroska.


**Tölur og tákn:** (Form, litir og tölur) Þessi hugtök byggja á huglægri flokkun og nafnsetningu á mismunandi litaheitum, útlínnum forma og talnagildum.

**Boðskipti:** Viðeigandi boðskipti byggja á meðvitund um hvernig mál er notað á mismunandi hátt við mismunandi aðstæður. Hér er t.d. um að ræða viðeigandi boðskipti tengd kurteisi, samskiptum og líkamstjáningu.

(Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjarney Sigurðardóttir, 2005)

# Verkferlar fyrir skimanir

Viðbrögð við þjálfunarþörf





## Orðaskil – Málþroskapróf Skil til foreldra

Orðaskil er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. Prófið er ætlað til að mæla orðaforða barna og hvort þau hafi náð valdi á beygingakerfi og setningagerð málsins. Með samanburði er hægt að finna hvort að málþroski barna falli innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Í fullri lengd er prófið notað af talmeinafræðingum og er þá notað til greiningar og meðferð málmeina ungra barna. Prófið er einnig til í styttri gerð sem er ætluð til notkunar við skimun. Stytta útgáfan er ætluð fagfólki öðrum en talmeinafræðingum sem annast þroskamat barna, svo sem hjúkrunarfræðingum, leikskólakenurum, þroskaþjálfum, sálfræðingum og barnalæknum. Viðfangsefni Orðaskila er tjáning barna, þ.e. stærð orðaforða, beygingarfræði og setningamyndun. Það er ekki notað til að mæla málskilning eða framburð.

Niðurstöður prófsins sýna að orðaforði [REDACTED] er í meðallagi miðað við jafnaldra. Að auki sýnir prófið að þegar kemur að setningagerð er hún undir meðallagi miðað við jafnaldra. Staða [REDACTED] er því nokkuð góð þegar kemur að orðaforða en þörf er á frekari málörvun til að auka færni hennar í setningagerð.





## Skil frá leikskóla í leik- eða grunnskóla.

Nafn barns:	Kennitala:
Heimili:	Sveitarfélag:
Foreldri/forráðamaður:	Heimili:
Sími:	Netfang:
Foreldri/forráðamaður:	Heimili:
Sími:	Netfang:

### Núverandi staða nemanda í eftirfarandi þáttum:

*Félagsleg samskipti:*

*Einbeiting og úthald:*

*Takast á við ný verkefni/aðstæður:*

*Fylgja fyrirmælum:*

*Hreyfifærni:*

*Lyfjataka / Ofnæmi:*

*Hefur nemandinn fengið sérkennslu?    já    nei*

*Ef já, hvers vegna?*

*Mat og/eða skráning:*

- Íslenski smábarnalistinn
- Íslenski Þroskalistinn
- Gerd Strand
- Orðaskil
- Sænska fínhreyfimatíð
- Hljóm-2
- TRAS – Skráning á málþroska ungra barna

*Annað:*

*Aðrar upplýsingar varðandi nemanda:*

Leikskólinn Lækjarbrekka, Hólmavík.

Dags:

Undirskrift:



## Móttökuáætlun nýnema úr leikskólanum Lækjarbrekku vor 2017.

Nemendur koma úr Leikskólanum Lækjarbrekku í Grunnskólann Hólmavík í amk. 30 kennslustundir á mið – og vorönn. Tímabilinu er skipt upp í 3 lotur. Í fyrstu lotunni hittir hópurinn umsjónarkennara 1. og 2. bekkjar eina kennslustund í hvert skipti ásamt því að hitta aðra nemendur í frímínútum. Í annarri lotu hittir hópurinn umsjónarkennara og 1. og 2. bekk og eru með þeim í þrjá daga og fá þá líka tíma í listum og íþróttum. Þriðja lota eru tveir heilir dagar í maí

**Fyrsta lota:** Sjö dagar ein kennslustund í senn

16. janúar	23. janúar	30. janúar	6. febrúar
10:20 – 11:00	10:20 – 11:00	10:20 – 11:00	10:20 – 11:00

13. febrúar	20. febrúar	27. febrúar	
10:20 – 12:30	10:20 – 11:00	10:20 – 11:00	

**Önnur lota:** Þrjú dagar, 3-4 kennslustundir með mat á Café Riis.

13. mars	30. mars	27. apríl
10:20 – 12:30	10:20 – 12:30 (Listir sér)	8:30 – 11:30 (ÍþR sér)

**Þriðja lota:** Tveir heilir dagar, 6 kennslustundir með mat á Café Riis

3. maí	11. maí
8:30 – 14:00	8:30 – 14:00

**Að auki verður ein kennslustund í sundi í maí. Tímasetning síðar.**

Nánari útfærsla er í höndum umsjónarkennara 1. og 2. bekkjar sem annast undirbúning og skipulag heimsóknna. Starfsmaður leikskóla fylgir hópnum í fyrstu lotu og er til taks ef á þarf að halda. Mögulegt er að fara með skólabíl frá leikskóla að grunnskóla í annarri og þriðju lotu og starfsmenn leikskóla sjá um nesti þegar lengri loturnar eru. Dagana 13. og 30. mars er sameiginlegur matur á Café Riis.

Hópurinn tekst á við skóladaginn eins og hann gæti orðið næsta haust og kynnist flestum verkefnum sem tekst er á við á venjulegum skóladegi svo sem íslensku, stærðfræði, frímínútum, íþróttum og listum.

Nemendum leikskólans verður boðið að taka þátt í sérstökum viðburðum grunnskólans eins og árshátíð 7. apríl, umhverfisdegi 12. maí og vordegi 30. maí.

Nemendum í 1. og 2. bekk grunnskólans verður boðið í heimsókn í leikskólann dagana 19. apríl klukkan 8:30-9:50 og 9. maí klukkan 10:00-11:30 og taka þátt í starfi leikskólans þá daga.



## LÆKJARBREKKA

Brunngata 2. 510 Hólmavík S:4513411

Netfang: [leikskolastjori@strandabyggd.is](mailto:leikskolastjori@strandabyggd.is)

Veffang: [www.strandabyggd.is/leikskolinn](http://www.strandabyggd.is/leikskolinn)



### Tilvísun til nánari athugunar leikskólabarns:

Nafn barns	Kennitala
Heimili	Sími
Deildarstjóri	Leikskóli
Leikskólastjóri	

ATH. að fylla einungis út þau atriði sem eiga við tilvísunina.

<input type="checkbox"/> Máltjáníng	<input type="checkbox"/> Málskilningur	<input type="checkbox"/> Grunur um seinþroska
<input type="checkbox"/> Grófhreyfingar	<input type="checkbox"/> Fínhreyfingar	<input type="checkbox"/> Líðan barnsins
<input type="checkbox"/> Félagstengsl	<input type="checkbox"/> Erfiðleikar á heimili barnsins	<input type="checkbox"/> Hegðunarerfiðleikar
<input type="checkbox"/> Þátttaka í hóp	<input type="checkbox"/> Sjálfshjálp	<input type="checkbox"/> Nemandi með annað
<input type="checkbox"/> Grunur um röskun á einhverfurófi	<input type="checkbox"/> Einbeitingarskortur/ofvirkni/ hvatvísi	<input type="checkbox"/> móðurmál/tvítyngi
Annað: _____		

Nánari lýsing á tilvísunarástæðu – um hvað er beðið

Hefur barnið hlotið aðstoð utan leikskóla, þá hvar? \_\_\_\_\_

### Samþykki á sérfræðiaðstoð:

Ég, undirrituð/undirritaður, samþykki að barnið mitt

Nafn \_\_\_\_\_ kt: \_\_\_\_\_

fari í athugun hjá sérfræðingi. Kennarar leikskólans hafa kynnt fyrir mér stöðu barnsins hvað varðar þroska þess/eða frávík í þroska/hegðun og líðan.

Foreldri/forráðamaður

Deildarstjóri/leikskólastjóri

**Höfnun á sérfræðiaðstoð:**

**Ég, undirrituð/undirritaður, afþakka að barnið mitt**

**Nafn** \_\_\_\_\_

**kt:** \_\_\_\_\_

**verði metið hjá sérfræðingi. Kennarar leikskólans hafa kynnt fyrir mér stöðu barnsins hvað varðar þroska þess/eða frávik í þroska/hegðun og líðan.**

\_\_\_\_\_  
Foreldri/forráðamaður

\_\_\_\_\_  
Deildarstjóri/Leikskólastjóri

# Nafn barns



# Ferilmappa

# Skólaárið 2015 - 2016



Nafn- Nafn - Nafn - Nafn

Heiti hóps